

# Fornleifaskráning innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi

Viðbætur við fornleifaskráningu og vegna breytinga á veglínu




Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

Margrét Hallmundsdóttir

NV nr. 13-22

Apríl 2022

 <b>NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA</b>		<b>Dagsetning: Apríl 2022</b>
		<b>Dreifing:</b> <input type="checkbox"/> <b>Opin</b> <input checked="" type="checkbox"/> <b>Lokuð til:</b> <input type="checkbox"/> <b>Háð leyfi verkkaupa</b>
<b>Skýrsla nr:</b> NV nr. 13-22	<b>Verknúmer:</b> 594	
<b>Heiti skýrslu:</b> Fornleifaskráning innan áhrifasvæði nýs vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi. Viðbætur við fornleifaskráningu og vegna breytinga á veglínu		<b>Blaðsíður: 107</b>  <b>Upplag: 5</b>
<b>Höfundur:</b> Kristín Sylvía Ragnarsdóttir		<b>Fjöldi korta: 19</b>  <b>Gerð skýrslu/verkstig:</b>
<b>Verkefnisstjóri:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		<b>Unnið fyrir:</b> Vegagerðina
<b>Útdráttur</b> <p>Fornleifaskráningin eru viðbætur við fyrri skráningu sem var gerð árið 2015 þar sem áður ósjáanlegar minjar voru bætt við og vegna breytinga á vinnusvæði fyrir nýjum Vestfjarðarvegi 60 milli Bjarkarlundar og Skálaness. Fornleifar voru skráðar á sex jörðum í Reykhólahreppi, á jörðunum Gröf, Hallsteinsnes, Barmur, Miðhús, Grónes og Brekku. Alls voru 64 fornleifar skráðar við rannsóknina. Fornleifaskráning þessi eru viðbætur við fyrri skráningu þar sem áður óskráðar minjar voru skráðar, s.s. inni í Teigskógum þar sem skógur var felldur, breytingar voru gerðar á áður skráðum minjum, viðbætur vegna vinnuvegar niður á Grónes og einnig við Djúpadalstengingu þar sem vegi var breytt.</p>		
<b>Lykilorð íslensk:</b> Fornleifaskráning, Vestfjarðarvegur, Reykhólahreppur		<b>Lykilorð ensk:</b> Archaeological Survey, Vestfjarðarvegur, Reykhólahreppur
<b>Undirskrift verkefnastjóra:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		<b>Yfirfarið af:</b>

## EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT .....	3
1. INNGANGUR .....	4
2. AÐFERÐAFRÆÐI .....	5
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga .....	5
2.2 Skráning fornleifa .....	7
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ .....	7
4. GRÖF .....	8
4.1 Saga Grafar .....	8
4.2 Fornleifaskráning Grafar .....	8
5. HALLSTEINSNES .....	10
5.1 Saga Hallsteinsness .....	10
5.2 Fornleifaskráning Hallsteinsness .....	11
6. BARMUR .....	30
6.1 Saga Barms .....	30
6.2 Fornleifaskráning Barms .....	31
7. MIÐHÚS .....	36
7.1 Saga Miðhús .....	36
7.2 Fornleifaskráning Miðhúsa .....	37
8. GRÓNES .....	45
8.1 Saga Grónes .....	45
8.2 Fornleifaskráning Grónes .....	45
9. BREKKA .....	62
9.1 Saga Brekku .....	62
9.2 Fornleifaskráning Brekku .....	63
10. NIÐURSTÖÐUR .....	81
11. UMRÆÐUR .....	84
12. HEIMILDASKRÁ .....	91
13. KORT .....	93

## 1. INNGANGUR

Að beiðni Reynis Óla Þorsteinssonar hjá Vegagerðinni ehf. gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu vegna breytinga og viðbóta á vegkafla á Vestfjarðarvegi 60 milli Bjarkarlundar og Skálaness.

Árið 2004 gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifakönnun vegna ný og endurlagningar á Vestfjarðavegi 60 og í október það ár kom úr skýrslan *Fornleifaskráning í Reykhólahreppi, A-Barðastrandasýslu. Vegna ný og endurlagningar Vestfjarðarveggar nr. 60*.<sup>1</sup> Árið 2015 fór Minjastofnun fram á að svæðið yrði skráð aftur með þeim stöðlum og kröfum sem stofnunin setur við fornleifaskráningu í dag. Sú skráning kom fram í skýrslunni *Fornleifarannsókn vegna veglagningar frá Bjarkalundi að Skálanesi*.<sup>2</sup>

Skýrslur þessar voru nýttar sem grunnur af þessari skráningu og eru númer sem notuð voru í þeim skýrslum birt við fornleifar ef sömu minjar eru skráðar.

Skoða ber þessa skráningu í samræmi við skýrslu *Fornleifarannsóknir innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi* (NV nr. 22-21).<sup>3</sup> Þar sem nokkrar nýlega skráðar minjar voru rannsakaðar.

Fornleifaskráning þessi var skipt í fjóra hluta;

- Fornleifaskráning inni í Teigskógum. Skógur hafði verið mjög þéttur þar og ómögulegt var að fornleifaskrá þar árið 2015. Sumarið 2021 var hafist handa við framkvæmdir inni í Teigskógum þar sem skógur var ruddur innan áhrifasvæðis nýja vegarins. Var þetta gert að kröfu Minjastofnunar þar sem kemur fram í bréfi að; „Þéttur skógur er nú á svæðinu. Eftir að trjágróður hefur verið fjarlægður þarf fornleifafræðingur að skoða vegstæðið áður en jarðrask hefst.“<sup>4</sup>
- Fornleifaskráning fór fram meðfram slóðanum frá Brekku niður á Grónes þar sem mögulega verður hann notaður fyrir aðkomu vinnuvéla. Ekki er búið að ákveða hvort að bráðabirgðabréu verður notuð til að koma vinnuvélum að vinnusvæði eða hvort að slóðinn verður farinn. Voru því fornleifar skráðar við slóðann sem gætu orðið fyrir raski.

<sup>1</sup> Ragnar Edvardsson, 2004.

<sup>2</sup> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2016.

<sup>3</sup> Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022.

<sup>4</sup> Bréf Minjastofnunar Íslands. MÍ202101-0043/6.10/M.A.S



- Veglínan inn Djúpadal hafði tekið breytingum síðan fornleifaskráning var gerð árið 2015 og var því nýja veglínan sem fer yfir jarðirnar Barm og Miðhús skráð.
- Þar að auki eru viðbætur við fyrri skráningu þar sem áður óskráðar minjar á Hallsteinsnesi og við Gröf var bætt við, og breytingar á áðurskráðum minjum.

Svæðið var gengið og minjar voru mældar upp. Vettvangsvinna fór fram á tímabilinu 15. maí til 23. september 2021 og var unnin af Kristínu Sylvíu Ragnarsdóttur, James McGovern, Gunnari Grímssyni, Atla Rúnarssyni, Hermanni Jakob Hjartasyni og Margrėti Hrönn Hallmundsdóttir. Kristín Sylvía Ragnarsdóttir sá um skýrslu og kortagerð.

## 2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en þar að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki og myndir teknar af svæðinu.

### 2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Allir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögini eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögini að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar

kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornmínjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

#### Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðmínjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að mínjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breytttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að mínjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta

þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

## 2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 1788 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 1788-276.

## 3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

Framkvæmdarsvæðið nær yfir sex jarðir. Eru það Gröf í Þorskafirði, Hallsteinsnes milli Þorskafjarðar og Djúpafjarðar, Barmur og Miðhús í Djúpafirði, Grónes milli Djúpafjarðar og Gufufjarðar, og Brekka í Gufufirði.



Mynd 1. Staðsetning Jarðanna við Þorskafjörð, Djúpafjörð og Gufufjörð.<sup>5</sup>

<sup>5</sup> Landmælingar Íslands. 1933.

## 4. GRÖF

### 4.1 Saga Grafar

Dýrleiki 12 hundruð. „Þorbjörn loki hét maðr, sonr Böðmóðs ór Skut. Hann fór til Íslands og nam Djúpafjörð ok Grónes til Gufufjarðar.“<sup>6</sup> „Grímkell hét frilluson, er bjó á Grímkelsstöðum út frá Gröf.“<sup>7</sup> Máldagi Gufudalskirkju. „Item er þetta maldagi i Gufudal ad Brandur biskup wigdi wnder suo witt takmark ad tyunder liggia þar til. Fra Jllugastaudum vr skalmar firði. Fra quindis firði. Kirkiu boli. Bæ. Klett. Mula. Kalfa dal. Eyri. Gallttargia. Klaufa staudum. Skala nesi. Vr gufudal fremra. Af brecku. Grou nesi. Midhus[um]. Diupa dal. Barme Hallsteinsnesi. Af hiollum.“<sup>8</sup>

Í Jarðabók Árna og Páls segir að útgangur sé í skárri lagi en skógur til raftviðar sé fyrir löngu uppeyddur en nóg skógur til kolagerða og eldiviðar. Torfrista og stunga nær enginn nema í túninu. Skelfiskfjara að nokkru gagni.<sup>9</sup>

### 4.2 Fornleifaskráning Grafar

**Númer:** 1788-276

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Niðurgröftur með hleðslu

**Staðhættir:** A: 351059 N: 563538

**Ástand:** Heillegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**

Brunnurinn er staðsettur í um 7 m í norðvestur frá veginum sem liggur frá Gröf yfir til vesturs að sumarbústaðnum í Teigskógi

#### Minjalýsing:

Brunnurinn er hlaðinn úr grjóti og var rétt sjáanlegur milli trjáa á svæðinu. Í fyrstu var talið að þar væri lítil rúst en við frekari rannsóknir kom í ljós að þar væri brunnur. Skurður var



Mynd 2. Brunnur 1788-276 áður en uppgröftur hófst. Þar sést trjágróðurinn aftan við brunninn og huldi hann yfir brunninn að hluta til.

<sup>6</sup> Ísl.sög. I., Landnámabók.1968: 98

<sup>7</sup> Ísl.sög.IV., Þorskfirðinga saga.1981: 337

<sup>8</sup> Diplomatarium Islandicum, Íslenskt fornbréfasafn. I. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1856-76: 522

<sup>9</sup> Árni Magnússon, Páll Vídalín, Jarðabók, VI.bindi.1981:221-222



tekinn í brunninn sumarið 2021 (3 x 1 m) og er hægt að sjá niðurstöður rannsóknarinnar í skýrslunni *Fornleifarannsóknir innan áhrifsvæði nýs Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi*.<sup>10</sup> Brunnurinn var um 2,8 m að lengd, 2 m að breidd og var dýpt innan brunnsins meira en 1 m.

Brunnurinn var ekki skráður við fornleifaskráningu Náttúrustofu Vestfjarða árið 2015 þar sem hann hefur verið ósjáanlegur vegna gróðurs og trjáa sem eru yfir öllu svæðinu.

**Númer: 1788-277**

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Niðurgröftur með hleðslu

**Staðhættir:** A: 351231 N: 563723

**Ástand:** Heillegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**



Mynd 3. Brunnur 1788-277 staðsettur rétt við veginn á milli Grafar og sumarbústaðarins Teigskógar.

Brunnurinn er hlaðinn úr grjóti og var sjáanlegur milli trjáa rétt austan vegar sem liggur frá Gröf að sumarbústaðnum Teigskógar. Brunnurinn er staðsettur í um 20 cm í austur frá veginum og um 250 m norðaustan við brunn [1788-276].

**Minjalýsing:**

Brunnurinn var hlaðinn úr grjóti og var 1,9 m að lengd, 1,7 m að breidd og 50 cm hár. Hleðslur á norður, austur og suður hlið voru heillegar en vestur hliðin næst veginum var hrunin að hluta til inn í brunninn. Hleðslur voru að minnsta kosti fimm lög af grjóti og var grjótið mikið mosa vaxið. Yfirleitt voru steinarnir stærri neðst og minni ofan til. Brunnurinn var ekki skráður við fornleifaskráningu Náttúrustofu Vestfjarða árið 2015 þar sem hann hefur verið ósjáanlegur vegna gróðurs og trjáa sem var yfir öllu svæðinu.

<sup>10</sup> Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022



Mynd 4. Brunnar [1788-276 og 1788-277] við veginn sem liggur frá Gröf niður að sumarbústaðinn í Teigskógum. Brunnarnir eru í mikilli hættu þar sem þeir liggja í miðju fyrirhugaðs vegstæðis.

## 5. HALLSTEINSNES

### 5.1 Saga Hallsteinsness

„Hallsteinn, sonr Þórólfs Mostrarskeggs, nam Þorskafjörð ok bjó á Hallsteinsnesi.“<sup>11</sup>  
 „Hallsteini Þórólfsyni þótti lítilmannligt at þiggja land at föður sínum, ok fór hann vestr yfir Breiðafjörð ok nam þar land ok bjó á Hallsteinsnesi.“<sup>12</sup>[1238] Máldagi Gufudalskirkju.  
 „Item er þetta maldagi i Gufudal ad Brandur biskup wigdi wnder suo witt takmark ad tyunder liggja þar til. Fra Jllugastaudum vr skalmar firdi. Fra quindis firdi. Kirkiu boli. Bæ. Klett. Mula. Kalfa dal. Eyri. Gallttargia. Klaufa staudum. Skala nesi. Gufudal fremra. Af brecku. Grou nesi. Midhus[um]. Diupa dal. Barme Hallsteinsnesi. Af hiollum.“<sup>13</sup>[1498]  
 Guðmundur Andrésson gefr og geldr Þorbirni Jónssyni til æfinlegrar eignar jarðirnar Kaldbak og Kleifar í Kallaðarnesskirkjusókn.“...a hallsteinsnesi j gufudals kirkjusokn

<sup>11</sup> Ísl.sög. I., Landnámabók.1968: 97

<sup>12</sup> Ísl.sög. III., Eyrbyggja saga.1968:8

<sup>13</sup> Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, I., Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavik, 1856-76: 522



manudaginn næsta fyrir Matheus Messo um haustid..."<sup>14</sup>[1506] Stefán biskup í Skálholti úrskurðar skóg þann allan, er Teigskógr er kallaður, millum Grímkelsár og Kleifar, fullkomna og æfinlega eign kirkjunnar á Stað á Reykjanesi."...þa agreining sem er i millvm kirkiunnar a stad a reykjanesi og þeirra sem bua á hallsteinsnesi vm skóg þann er teigskogur er kalladr." Hallsteinsnes Dýrleiki 30 hundruð."1805 er eyðihjáleigan Flókastaðir talin með."<sup>15</sup>

## 5.2 Fornleifaskráning Hallsteinsness

**Númer:** 1788-278

**Hlutverk:** Beitarhús/rétt

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 346121 N: 562871

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Mikil hætta, mjög nálægt veglínu.

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

Í ornefnaskrá Hallsteinsness segir um tjörnina sem útihúsið er staðsett við; „*Austarlega í Krossnesi er lítil tjörn, sem heitir Litlatjörn, oft kölluð Litla tjörn in í Krossnesinu. Á grasgrund á bakkanum stendur stór, nafnlaus klettur. Heldur ofar og utar en Litlatjörn er önnur tjörn í Krossnesinu, sem heitir Krossnestjörn. Hún er mun stærri en hin, og fellur sjór í hana.*“<sup>16</sup>

Við gerð slóða frá Hallsteinsnesi yfir Teigskóg að Gröf kom ábending frá starfsmanni við framkvæmdir að líkleg rúst væri við slóðann. Komu fornleifafræðinga á staðinn var ljóst að þar væri steinhlaðin tóft, rétt við Krossnestjörn, fast upp við klettana þar. Rústin var ekki skráð árið 2015. Einnig er tóftin ekki sjáanleg á loftmynd þar sem skuggi frá




Mynd 5. Rúst 1788-278 við Krossnestjörn á jörðinni Hallsteinsnes.

<sup>14</sup> Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, VII., Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1903-1907: 409-10

<sup>15</sup> Johnsen J.1847:46

<sup>16</sup> Ornefnaskrá Hallsteinsnes, bls. 14.

klettunum að ofan skyggir yfir rústina. Rústin er í 580 m sunnan við bæjarstæðið á Hallsteinsnesi.



Mynd 6. Mynd þar sem Krossnestjörnin er merkt inn, þar ofan við tjörnina eru klettur þar sem rústin er staðsett. Rústin er staðsett innan um rauða hringinn. Myndin fengin úr ornefnaskrá á síðunni nafnið.is.<sup>17</sup>

### Minjalýsing:


Í fyrstu var rústin talin vera tvíhólfa en við frekari athugun á kom í ljós að þar væri ein hólfa steinhlaðin rúst. Líklega er hér um að ræða beitarhús, þar sem húsið er fjarri bæ og nálægt sjó, og því líklegt að þar hafi fjörubeit verið nýtt. Rústin getur líka verið litill rétt.

Rústin var 4 m að lengd og 2 m að breidd og nokkuð grasi gróin. Veggjahæð var um 40 cm og var op var inn í rústina við norður hlið. Veggir voru hlaðnir úr grjóti á austur og vestur hlið og voru hleðslur um 3-4 lög. Rústin var byggð upp við háan klett á suðurhlið.

Snið rústarinnar var teiknað upp við austur vegg en ekki var grafinn könnunarskurður í rústina. Í skýrslunni *Fornleifarannsóknir innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi*<sup>18</sup> er hægt að sjá niðurstöður.

<sup>17</sup> Ornefnaskrá Hallsteinsness. <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/13647>

<sup>18</sup> Kristín Sylvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022



Mynd 7. Beitarhús [1788-278] merkt inn á kort. Þar sést að minjarnar fara beint undir skeringar nýja vegarins.

**Númer: 1788-279**

**Hlutverk:** Kolagröf

**Tegund:** Niðurgroftur

**Staðhættir:** A: 347885 N: 562629

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**

Skógur var felldur þar sem tilvonandi vegstæði ÞH leiðar liggur neðan við heimatúnið á Hallsteinsesi og inn í Teigskóg. Komu þar í ljós fimm kolagrafir [1788-279, 1788-280, 1788-281, 1788-282 og 1788-283]. Voru þær staðsettar neðan við Fögruhlíð í um 150 m vestur af Kleifarnestjörn og um 300 m austur af Hlíðhamarsvík við Grenitrésnes. Kolagröfin var staðsett í um 5 m suðvestan við kolagröf [1788-280] og 9,5 m norðvestan við kolagröf [1788-281].



Mynd 8. Kolagröf 1788-279.



**Minjalýsing:**

Í bókinni *Skýrslur um Landshagi á Íslandi* frá 1856 kemur fram að; „Tekjur af ískyldum, ítökum og hlynnindum, sem prestkallinu fylgja, eptir máldögum og visitazium. a) Brúkuð af prestinum sjálfum: Teigskógur í Hallsteinses landi í Gufudalssveit og ítak Skóga skógi í Þorskafirði, notast til kolagjörðar.“<sup>19</sup>

Kolagröfin var um 2,1 x 2 m að stærð á yfirborði og var greinanlegur hringlaga niðurgröftur sjáanlegur á yfirborði sem var um 30 cm neðar en yfirborðið. Kolagröfin var mikið grasi og mosa vaxinn og var mikið kjarr yfir kolagröfinni. Líklega eru fleiri kolagrafir á þessu svæði sem voru ekki sjáanlegar á yfirborði.

Borkjarni 1 var tekinn í miðju kolagrafar [1788-279] til að staðfesta að þar væri kolagröf. Einnig var tekinn könnunarskurður að beiðni minjastofnunar í kolaholuna til að kanna eðli og umfang hennar. Í skýrslunni *Fornleifarannsóknir innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi* <sup>20</sup> er hægt að sjá niðurstöður rannsóknarinnar.

**Númer: 1788-280****Hlutverk:** Kolagröf**Tegund:** Niðurgröftur**Staðhættir:** A: 347892 N: 562633**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Vegagerð**Staðhættir:**

Mynd 9. Kolagröf 1788-280.

Skógur var felldur þar sem tilvonandi vegstæði ÞH leiðar liggur neðan við heimatúnið á Hallsteinsesi og inn í Teigskóg. Komu þar í ljós fimm kolagrafir [1788-279, 1788-280, 1788-281, 1788-282 og 1788-283]. Voru þær staðsettar neðan við Fögruhlíð í um 150 m vestur af Kleifarnestjörn og um 300 m austur af Hlíðhamarsvík við Grenitrésnes. Kolagröfin var staðsett í um 5 m norðaustan við kolagröf [1788-279] og 4,5 m norðvestan við kolagröf [1788-281].

<sup>19</sup> Skýrslur um Landshagi á Íslandi, 1861, bls. 692.

<sup>20</sup> Kristín Sylvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022

**Minjalýsing:**

Í bókinni *Skýrslur um Landshagi á Íslandi* frá 1856 kemur fram að; „*Tekjur af ískyldum, ítökum og hlynnindum, sem prestkallinu fylgja, eptir máldögum og visitazium. a) Brúkuð af prestinum sjálfum: Teigskógur í Hallsteinses landi í Gufudalssveit og ítak Skóga skógi í Þorskafirði, notast til kolagjörðar.*“<sup>21</sup>

Kolagröfin var 2,5 m í þvermál og var illgreinanlegur hringlaga niðurgröftur sjáanlegur á yfirborði. Kolagröfin var mikið grasi og mosa vaxinn, og var mikið kjarr yfir kolagröfinni. Líklega eru fleiri kolagrafir á þessu svæði sem voru ekki sjáanlegar á yfirborði.

**Númer: 1788-281****Hlutverk:** Kolagröf**Tegund:** Niðurgröftur**Staðhættir:** A: 347894 N: 562627**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Vegagerð**Staðhættir:**

Skógur var felldur þar sem tilvonandi vegstæði ÞH leiðar liggur neðan við heimatúnið á Hallsteinsesi og inn í Teigskóg. Komu þar í ljós fimm kolagrafir [1788-279, 1788-280, 1788-281, 1788-282 og 1788-283]. Voru þær staðsettar neðan við Fögruhlíð í um 150 m vestur af Kleifarnestjörn og um 300 m austur af Hlíðhamarsvík við Grenitrésnes. Kolagröfin var staðsett í um 4,5 m suðaustan við kolagröf [1788-280] og 9,5 m suðaustan við kolagröf [1788-279].

**Minjalýsing:**

Í bókinni *Skýrslur um Landshagi á Íslandi* frá 1856 kemur fram að; „*Tekjur af ískyldum, ítökum og hlynnindum, sem prestkallinu fylgja, eptir máldögum og visitazium. a) Brúkuð af prestinum sjálfum: Teigskógur í Hallsteinses landi í Gufudalssveit og ítak Skóga skógi í Þorskafirði, notast til kolagjörðar.*“<sup>22</sup>



Mynd 10. Kolagröf 1788-281.

<sup>21</sup> Skýrslur um Landshagi á Íslandi, 1861, bls. 692.

<sup>22</sup> Skýrslur um Landshagi á Íslandi, 1861, bls. 692.

Kolagröfin var 2 m að lengd og 1,5 m á breidd og var vel greinanlegur hringlaga niðurgröftur sjáanlegur á yfirborði. Kolagröfin var mikið grasi og mosa vaxinn og var mikið kjarr og rótum yfir kolagröfinni. Líklega eru fleiri kolagrafir á þessu svæði sem voru ekki sjáanlegar á yfirborði.

Borkjarni 2 var tekinn í miðju kolagrafar [1788-281] til að staðfesta að þar væri kolagröf.

**Númer: 1788-282**

**Hlutverk:** Kolagröf

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðhættir:** A: 347913 N: 562630

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**

Skógur var felldur þar sem tilvonandi vegstæði ÞH leiðar liggur neðan við heimatúnið á Hallsteinsesi og inn í Teigskóg. Komu þar í ljós fimm kolagrafir [1788-279, 1788-280, 1788-281, 1788-282 og 1788-283]. Voru þær staðsettar neðan við Fögruhlíð í um 150 m vestur af Kleifarnestjörn og um 300 m austur af Hlíðhamarsvík við Grenitrésnes. Kolagröfin var staðsett í um 21 m austan við kolagröf [1788-280] og um 1 m norðan við kolagröf [1788-281].

**Minjalýsing:**

Í bókinni *Skýrslur um Landshagi á Íslandi* frá 1856 kemur fram að; „Tekjur af ískyldum, ítökum og hlynnindum, sem prestkallinu fylgja, eptir máldögum og visitazium. a) Brúkuð af prestinum sjálfum: Teigskógur í Hallsteinses landi í Gufudalssveit og ítak Skóga skógi í Þorskafirði, notast til kolagjörðar.“<sup>23</sup>

Kolagröfin var 1,8 m að lengd og 1,4 m á breidd var hringlaga niðurgröftur sjáanlegur á yfirborði. Kolagröfin var mikið grasi og mosa vaxinn og var mikið kjarr yfir kolagröfinni. Líklega eru fleiri kolagrafir á þessu svæði sem voru ekki sjáanlegar á yfirborði.



Mynd 11. Kolagröf 1788-282.

<sup>23</sup> Skýrslur um Landshagi á Íslandi, 1861, bls. 692.



**Númer: 1788-283**

**Hlutverk:** Kolagröf

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðhættir:** A: 347915 N: 562628

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**

Skógur var felldur þar sem tilvonandi vegstæði ÞH leiðar liggur neðan við heimatúnið á Hallsteinsesi og inn í Teigskóg.

Komu þar í ljós fimm kolagrafir [1788-279,



Mynd 12. Kolagröf 1788-283.

1788-280, 1788-281, 1788-282 og 1788-283]. Voru þær staðsettar neðan við Fögruhlíð í um 150 m vestur af Kleifarnestjörn og um 300 m austur af Hlíðhamarsvík við Grenitrésnes. Kolagröfin var staðsett í um um 1 m sunnan við kolagröf [1788-282].


**Minjalýsing:**

Í bókinni *Skýrslur um Landshagi á Íslandi frá 1856* kemur fram að; „*Tekjur af ískyldum, ítökum og hlynnindum, sem prestkallinu fylgja, eptir máldögum og visitazium. a) Brúkuð af prestinum sjálfum: Teigskógur í Hallsteinses landi í Gufudalssveit og ítak Skóga skógi í Þorskafirði, notast til kolagjörðar.*“<sup>24</sup>

Kolagröfin var 1,5 m að lengd og 1,4 m á breidd og var illgreinanlegur hringlaga niðurgröftur sjáanlegur á yfirborði. Kolagröfin var mikið grasi og mosa vaxinn og var mikið kjarr yfir kolagröfinni. Líklega eru fleiri kolagrafir á þessu svæði sem voru ekki sjáanlegar á yfirborði.

Borkjarni 3 var tekinn í miðju kolagrafar [1788-283] til að staðfesta að þar væri kolagröf.

<sup>24</sup> Skýrslur um Landshagi á Íslandi, 1861, bls. 692.



Mynd 13. Kolagrafir 1788-279 - 1788-283 merktar inn á loftmynd. Bleikir punktar í miðju eru staðsetning borkjarna.

**Númer:** 1788-284

**Hlutverk:** Kolagröf

**Tegund:** Niðurgroftur

**Staðhættir:** A: 348044

N: 562701

**Ástand:** Greinanlegar  
fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**



Mynd 14. Kolagröf 1788-284.



Skógur var felldur þar sem tilvonandi vegstæði ÞH leiðar liggur neðan við heimatúnið á Hallsteinsesi og inn í Teigskóg. Komu þar í ljós fjórar kolagrafir [1788-284, 1788-285, 1788-286, 1788-287]. Kolaholurnar fundust í um 150 m fjarlægð norðaustan frá hinum fimm kolagröfunum ofan Kleifarnestjarnar. Kolagröfin var staðsett 25 m norðvestan við kolagröf [1788-285].

### Minjalýsing:

Í bókinni *Skýrslur um Landshagi á Íslandi* frá 1856 kemur fram að; „*Tekjur af ískyldum, ítökum og hlynnindum, sem prestkallinu fylgja, eptir máldögum og visitazium. a) Brúkuð af prestinum sjálfum: Teigskógur í Hallsteinses landi í Gufudalssveit og ítak Skóga skógi í Þorskafirði, notast til kolagjörðar.*“<sup>25</sup>

Kolagröfin var 1,4 m í þvermál og var greinanlegur hringlaga niðurgroftur sjáanlegur á yfirborði. Kolagröfin var mikið grasi og mosa vaxinn og var mikið kjarr yfir kolagröfinni. Líklega eru fleiri kolagrafir á þessu svæði sem voru ekki sjáanlegar á yfirborði.

Borkjarni 4 var tekinn í miðju kolagrafar 1788-284 til að staðfesta að þar væri kolagröf.

### Númer: 1788-285

**Hlutverk:** Kolagröf

**Tegund:** Niðurgroftur

**Staðhættir:** A: 348070

N: 562687

**Ástand:** Greinanlegar  
fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

### Staðhættir:

Skógur var felldur þar sem tilvonandi vegstæði ÞH leiðar liggur neðan við heimatúnið á Hallsteinsesi og inn í Teigskóg. Komu þar í ljós fjórar kolagrafir [1788-284, 1788-285, 1788-286, 1788-287]. Kolaholurnar fundust í um 150 m fjarlægð norðaustan frá hinum fimm kolagröfunum ofan Kleifarnestjarnar. Kolagröfin var staðsett 25 m suðaustan við kolagröf [1788-284] og 6,5 m suðvestan við kolagröf [1788-286].



Mynd 15. Kolagröf 1788-285.

<sup>25</sup> Skýrslur um Landshagi á Íslandi, 1861, bls. 692.

**Minjalýsing:**

Í bókinni *Skýrslur um Landshagi á Íslandi* frá 1856 kemur fram að; „Tekjur af ískyldum, ítökum og hlynnindum, sem prestkallinu fylgja, eptir máldögum og visitazium. a) Brúkuð af prestinum sjálfum: Teigskógur í Hallsteinses landi í Gufudalssveit og ítak Skóga skógi í Þorskafirði, notast til kolagjörðar.“<sup>26</sup>

Kolagröfin var 1,5 m að lengd og 1,3 m að breidd og var greinanlegur hringlaga niðurgröftur sjáanlegur á yfirborði. Kolagröfin var mikið grasi og mosa vaxinn og var mikið kjarr yfir kolagröfinni. Líklega eru fleiri kolagrafir á þessu svæði sem voru ekki sjáanlegar á yfirborði.

**Númer: 1788-286****Hlutverk:** Kolagröf**Tegund:** Niðurgröftur**Staðhættir:** A: 348075

N: 562692

**Ástand:** Greinanlegar

fornleifar

**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Vegagerð**Staðhættir:**

Skógur var felldur þar sem tilvonandi vegstæði ÞH leiðar liggur neðan við heimatúnið á Hallsteinsesi og inn í Teigskóg. Komu þar í ljós fjórar kolagrafir [1788-284, 1788-285, 1788-286, 1788-287]. Kolaholurnar fundust í um 150 m fjarlægð norðaustan frá hinum fimm kolagröfunum ofan Kleifarnestjarnar. Kolagröfin var staðsett 6,5 m norðvestan við kolagröf [1788-285] og 18 m suðaustan við kolagröf [1788-287].

**Minjalýsing:**

Í bókinni *Skýrslur um Landshagi á Íslandi* frá 1856 kemur fram að; „Tekjur af ískyldum, ítökum og hlynnindum, sem prestkallinu fylgja, eptir máldögum og visitazium. a) Brúkuð af prestinum



Mynd 16. Kolagröf 1788-286

<sup>26</sup> Skýrslur um Landshagi á Íslandi, 1861, bls. 692.

*sjálfum: Teigskógur í Hallsteinses landi í Gufudalssveit og ítak Skóga skógi í Þorskafirði, notast til kolagjörðar.*<sup>27</sup>

Kolagröfin var 1,9 m í þvermál og var greinanlegur hringlaga niðurgröftur sjáanlegur á yfirborði. Kolagröfin var mikið grasi og mosa vaxinn og var mikið kjarr yfir kolagröfinni. Líklega eru fleiri kolagrafir á þessu svæði sem voru ekki sjáanlegar á yfirborði.

Borkjarni 5 var tekinn í miðju kolagrafar 1788-286 til að staðfesta að þar væri kolagröf.

**Númer: 1788-287**

**Hlutverk:** Kolagröf

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðhættir:** A: 348095

N: 562696

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**

Skógur var felldur þar sem tilvonandi vegstæði ÞH leiðar liggur neðan við heimatúnið á Hallsteinsesi og inn í Teigskóg. Komu þar í ljós fjórar kolagrafir [1788-284, 1788-285, 1788-286, 1788-287]. Kolaholurnar fundust í um 150 m fjarlægð norðaustan frá hinum fimm kolagröfunum ofan Kleifarnestjarnar. Kolagröfin var staðsett um 18 m norðaustan við kolagröf [1788-286].

**Minjalýsing:**

Í bókinni *Skýrslur um Landshagi á Íslandi* frá 1856 kemur fram að; „Tekjur af ískyldum, ítökum og hlynnindum, sem prestkallinu fylgja, eptir máldögum og visitazium. a) Brúkuð af prestinum sjálfum: Teigskógur í Hallsteinses landi í Gufudalssveit og ítak Skóga skógi í Þorskafirði, notast til kolagjörðar.“<sup>28</sup>



Mynd 17. Kolagröf 1788-287.

<sup>27</sup> Skýrslur um Landshagi á Íslandi, 1861, bls. 692.

<sup>28</sup> Skýrslur um Landshagi á Íslandi, 1861, bls. 692.



Kolagröfin var 2,5 m á lengd og 1,5 m á breidd og var illgreinanlegur hringlaga niðurgröftur sjáanlegur á yfirborði. Kolagröfin var mikið grasi og mosa vaxinn og var mikið kjarr yfir kolagröfinni. Líklega eru fleiri kolagrafir á þessu svæði sem voru ekki sjáanlegar á yfirborði.

Borkjarni 6 var tekinn í miðju kolagrafar 1788-287 til að staðfesta að þar væri kolagröf.



Mynd 18. Kolagrafir 1788-284 - 1788-287 merktar inn á loftmynd. Bleikir punktar í miðju eru staðsetning borkjarna.

**Númer: 1788-288**

**Hlutverk:** Kolagröf

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðhættir:** A: 348361 N: 562757

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**



Mynd 19. Kolagröf 1788-288 var ógreinileg innan gróðurs. Kolagröfin er staðsett neðan við borkjarnann sem er fyrir miðju myndarinnar.



Skógur var felldur þar sem tilvonandi vegstæði ÞH leiðar liggur neðan við heimatúnið á Hallsteinsesi og inn í Teigskóg. Neðan við Föruhlíðakleifar og ofan við Bruna í um 270 m fjarlægð í norðaustur frá kolagröfunum fjórum [1788-284, 1788-285, 1788-286, 1788-287] ofan við Kleifarnestjörn fannst ein stök kolagröf.

### Minjalýsing:

Í örnefnaskrá Hallsteinsnes er örnefni sem vitnar í vinnu með kol, er það örnefnið Kolviðarhjalli og segir þar; „*Ferðamannagata hefur alltaf verið kölluð Reiðgötur af fólki í Gröf og Hallsteinsnesi. Þær fylgja hlíðarrótum innan frá Grímkellstaðaá (raunar einnig Gröf) og út að Selkleifum, svo og af og til út alla hlíð að Hallsteinsnesi. Upp af götunni fyrir ofan Fögruhlíðarkleifar er hjalli í brúninni, sem heitir Kolviðarhjalli (segir nafnið sína sögu). Kolviðarhjalli er þéttum skógi vaxinn.*“<sup>29</sup>

Kolagröfin var mjög illgreinanlegur hringlaga niðurgröftur sem var um 1,3 m á lengd og 1,2 m á breidd. Kolagröfin var aðeins niðurgráfin og rétt sjáanleg á milli trjáa og gróðurs. Líklega eru fleiri kolagrafir á þessu svæði sem voru ekki sjáanlegar á yfirborði.

Borkjarni 8 var tekinn í kolagröfina til að kanna um hvort kolagröf væri að ræða. Í skýrslunni *Fornleifarannsóknir innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi*<sup>30</sup> er hægt að sjá niðurstöður rannsóknarinnar.

### Númer: 1788-289

**Hlutverk:** Varða

**Tegund:** Samgöngubót

**Staðhættir:** A: 348450 N: 562809

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

### Staðhættir:

Varðan er staðsett á kletti á uppblásnu svæði inni í Teigskógum í um 100 m norðaustan við kolagröf [1788-288] og um 80 m sunnan við Reiðgötur eða Ferðamannagötur sem eru þar fyrir ofan.



Mynd 20. Varða 1788-289 sem var staðsett á kletti við uppblásið svæði.

<sup>29</sup> Örnefnaská Hallsteinsness.

<sup>30</sup> Kristín Sylvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022

**Minjalýsing:**

Varðan er hlaðin steinum sem eru svipaðir að stærð. Varðan var um 1 m á lengd, 50 cm á breidd og var um 40 cm á hæð og stendur efsti steinninn upp á rönd og beinir upp. Ekki er víst um hvort hér séu fornleifar eða hvort þetta séu nútíma hleðsla eftir göngufólk á svæðinu. Varðan er í mikilli hættu þar sem hún mun lenda undir skeringum nýja vegarins.

**Númer: 1788-290****Eldra númer: 1788-135 og BA-49:024****Hlutverk:** Túngarður**Tegund:** Garðlag**Staðhættir:** A: 346088      N: 562989**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Vegagerð**Staðhættir:**

„Litlu vestan við tjörnina (Skipatangatjörn) er klettahjalli með láréttu stuðlabergi og smástalli eða skúta upp undir slútandi brún, heitir Hrafnastallur; þar hefur og hrafn orpið. Nokkru vestar við sjóinn er (blágrýtis-) hamarhjalli eða klettur, og nefnist Háiklettur.

Undir honum er garðlag og grasflöt."<sup>31</sup>

**Minjalýsing:**

Garðurinn var skráður árið 2015 og var einungis sjáanleg lengd þess um 28 m. Við rannsókn á garðinum sumar 2021 kom í ljós að garðurinn væri heldur lengri til suðausturs og stoppaði hann þar á öðru garðlagi sem liggur í suðvestur-norðaustur [1788-291]. Garðurinn er ekki hár og er 151 m á lengd, á honum er brú. Garðurinn virðist vera göngugarður yfir blautt svæði.

Við rannsóknir sumarið 2021 var grafinn var skurður (1 x 1 m) þvert á garðlagið suðaustan megin við árfarveginn þar sem nýi vegurinn mun fara yfir garðlagið. Í skýrslunni



Mynd 21. Garðlag 1788-290 sést hér fyrir miðju myndarinnar. Garðlagið heldur áfram til austurs þar sem það tengist við garðlag 1788-291 sem liggur í norður-suður.

<sup>31</sup> Örnefnaskrá Hallsteinsness.

*Fornleifarannsóknir innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi*<sup>32</sup> er hægt að sjá niðurstöður rannsóknarinnar.

**Númer: 1788-291**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir:** A: 346082 N: 562981

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**

„Litlu vestan við tjörnina (Skipatangatjörn) er klettahjalli með láréttu stuðlabergi og smástalli eða skúta upp undir slútandi brún, heitir Hrafnastallur; þar hefur og hrafn orpið. Nokkru vestar við sjóinn er (blágrýtis-) hamarhjalli eða klettur, og nefnist Háiklettur. Undir honum er garðlag og grasflöt.“<sup>33</sup> Garðlagið er staðsett rétt suðaustan og fast við garðlag [1788-291]. Garðlagið er staðsett í 35 m frá miðlínu fyrirhugaðs nýs vegar.

**Minjalýsing:**

Garðurinn var ekki skráður árið 2015 þar sem hann var ekki sjáanlegur undan gróðri. Við rannsókn á garði [1788-291] sumarið 2021 kom í ljós að þessi garður væri tengdur við hann austan til. Garðurinn er 43 m langur, 1,2 m að breidd og er hæð um 20 cm.

<sup>32</sup> Kristín Sylvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022

<sup>33</sup> Örnefnaskrá Hallsteinsness.





Mynd 22. Garðlög 1788-290 og 1788-291. Á garðlagi 1788-290 sést hvar skurður var tekinn í garðlagið.

**Númer: 1788-292**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir:** A: 347844 N: 562625

**Ástand:** Ekki fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**



Mynd 23. Talið var að þarna væri möguleg þúst 1788-292, með frekari rannsóknnum kom í ljós að þarna væru ekki fornleifar.

Við fornleifaskráningu sumarið 2021 í Teigskógi kom í ljós mjög ógreinanleg þúst staðsett neðan við Fögruhlíð austan við Grenitrésnes í um 200 m vestur af Kleifarnestjörn og um 30 m vestan við kolagröf [1788-279].

**Minjalýsing:**

Þústin er 3,8 m að lengd og 2,6 m á breidd og var hæð hennar um 40 cm. Borkjarni 7 var tekinn í mögulegan vegg þústarinnar. Ekki var víst um hvort torf væri að ræða eða

mýrarauði þar sem kjarninn sem var tekinn var mjög blautur. Var því ákveðið að taka smáan skurð til að kanna um hvort þar væri í raun rúst. Með skurði í þústina kom í ljós að þar væru náttúrulegar þúfur sem hafa myndast við hitabreytingar og rætur trjáa á svæðinu. Ekkert torf var sjáanlegt í skurðinum en þar sem búið var að skrá hana áður en skurðir voru teknir er hún höfð hér með. Í skýrslunni *Fornleifarannsóknir innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi* <sup>34</sup> er hægt að sjá niðurstöður rannsóknarinnar.

**Númer: 1788-293**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir:** A: 346060 N: 563672

**Ástand:** Ekki fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**

Þústin var staðsett 6 m austan vegslóða sem liggur niður að fjöru og um 270 m í norðvestur af Sumarbústaðnum á Hallsteinsnesi.

**Minjalýsing:**

Þar virtist vera einhólfa rúst og virtust veggir vestan megin vera greinilegri en þeir austari. Þústin var 6 m að lengd og 4,5 m að breidd. Tveir skurðir voru grafnir í þústina, þ.e. í vestur vegg og í miðju hólfs. Við uppgröft á skurðunum kom í ljós að þar væri ekki að sjá mannvist. Ekkert torf var í vegg heldur var þar blandaður náttúrulegur jarðvegur sem hefur myndast vegna hreyfingar á jarðvegi við hitabreytingar og eftir rætur trjáa. Þar sem búið var að skrá hana áður en skurðir voru teknir er hún höfð hér með. Í skýrslunni *Fornleifarannsóknir innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi* <sup>35</sup> er hægt að sjá niðurstöður rannsóknarinnar.



Mynd 24. Möguleg þúst við vegslóðann niður að fjöru við Hallsteinsnes, seinna kom í ljós með könnunarskurðum að þarna væri náttúrulegur jarðvegur undir yfirborði.

<sup>34</sup> Kristín Sylvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022

<sup>35</sup> Kristín Sylvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022





Mynd 25. Garðlag [1788-294] og þúst [1788-293] merktar inn á kort.

**Númer: 1788-294**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir:** A: 345995      N: 563598

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**

Túngarðurinn var staðsettur í 20 m fjarlægð sunnan vegslóða niður að fjöru við Hallsteinsnes og í um 260 m fjarlægð frá sumarbústaðnum á Hallsteinsnesi.

**Minjalýsing:**

Túngarðurinn er bogadreginn og var um 12 m að lengd og 1 m á breidd þar sem hann var sjáanlegur. Grafinn var skurður í túngarðinn til að kanna eðli og umfang. Við uppgröft á skurðinum kom í ljós mögulegt torflag. Líklega hefur þar verið túngarður byggður úr torfi en hann hefur skemmst að hluta til af náttúrulegum aðstæðum þar sem svæðið er mikið



Mynd 26. Garðlag [1788-294], búið var að grafa þarna í hann könnunarskurð.



uppblásið. Túngarðurinn hefur að öllum líkindum verið lengri en þar sem svæðið er mjög raskað var ekki hægt að rekja garðinn lengra. Í skýrslunni *Fornleifarannsóknir innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi*<sup>36</sup> er hægt að sjá niðurstöður rannsóknarinnar.

**Númer:** 1788-295

**Sérheiti:** Reiðgötur,

Ferðamannagata

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Staðhættir:** A: 348993

N: 563031

**Ástand:** Ekki sést til fornleifa

**Horfin:** Óvíst

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**

Reiðgatan á að vera staðsett við fjallstætur og liggur frá Hallsteinsnesi og yfir á Gröf. Í örnefnaskrá Hallsteinsnes segir; „Ferðamannagata hefur alltaf verið kölluð Reiðgötur af fólki í Gröf og Hallsteinsnesi. Þær fylgja hlíðarrótum innan frá Grímkelsstaðaá (raunar einnig Gröf) og út að Selkleifum, svo af og til út alla hlíð að Hallsteinsnesi.“<sup>37</sup>

**Minjalýsing:**

Gatan var ekki sjáanleg við fornleifaskráningu innan framkvæmdarsvæðis nýs vegar. Þó er hann líklega sjáanlegur á loftmynd og má greina út hvar gatan er líklega staðsett. Hluti af götunni liggur undir skeringar nýjar vegarins.



Mynd 27. Reiðgötur eða Ferðamannagata merkt inn á kort.

<sup>36</sup> Kristín Sylvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022

<sup>37</sup> Örnefnaskrá Hallsteinsnes. nafnið.is



Mynd 28. Mynd þessi er fengin úr örnefnaskrá þar sem Jónína Hafsteinsdóttir færði inn örnefni eftir fyrirsögn Ólafs Ólafssonar frá Hallsteinsnesi. Þar merkir hún inn að Ferðamannagatan er fyrir aftan símastaurana.<sup>38</sup>



Mynd 29. Hér fyrir miðju er varða [1788-289], aftan við hana sést í tvo símastaura. Þar fyrir aftan hefur Reiðgatan/Ferðamannagatan legið.

## 6. BARMUR

### 6.1 Saga Barms

Barmur, dýrleiki 12 hundruð. „Með Þorbirni loka kómu út Styrkár, er hann gaf land í Barmi til móts við Hallstein.“<sup>39</sup>[1238] Máldagi Gufudalskirkju. „Item er þetta maldagi í Gufudal að Brandur biskup wigdi wnder suo witt takmark að tyunder liggja þar til. Fra Jllugastaudum vr skalmar firdi. Fra quindis firdi. Kirkiu boli. Bæ. Klett. Mula. Kalfa dal. Eyri. Gallttargia. Klaufa staudum. Skala nesi. Vr gufudal fremra. Af brecku. Grou nesi. Midhus[um]. Diupa dal. Barme Hallsteinsnesi. Af hiollum.“<sup>40</sup>[1363] Máldagi Ólafskirkju að Stað á Reykjanesi. „Stadur a reykianesi. Olafskirkia að stad a reykianesi a heimaland

<sup>38</sup> Örnefnaskrá Hallsteinsnes. nafnið.is

<sup>39</sup> Ísl.sög. IV., Þorskfirðinga saga 1981: 337

<sup>40</sup> Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn. I. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík, 1856-76: 522

allt j barmi oc mulaland j Þorskafirdi." <sup>41</sup>[1397] Vilchinsbók. „Olafskirkia a stad a Reykianese a heimaland alltt og allt land j Barme og Mulaland j Þorskafirde." <sup>42</sup> [1487] Vitnisburður þriggja manna um máldaga kirkjunnar á Stað á Reykjanesi. „...skodat maldaga kirkiunnar a stad a reykianese suo latanda at hvn ætte landet allt j barme j diupafirde jinn ad gliufura..." <sup>43</sup>

Í örnefnaská segir; „Jörð í Gufudalssveit, næst Hallsteinsnesi austanvert við Djúpafjörð. Bærinn dregur nafn sitt af stöðu sinni í hlíðinni, er hún á barmi (brún) brekkunnar," <sup>44</sup>

## 6.2 Fornleifaskráning Barms

**Númer:** 1788-296

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Náma

**Staðhættir:** A: 348506 N: 566152

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**



Mynd 30. Verið að skrá mógrafir [1788-296].

Mógrafirnar eru staðsettar á grösugu svæði sem nefnist Höfðahlíð og segir þar í Örnefnaskrá Barms: „Lítið innan Brunnlækjar (inn af bænum) er allhá klettabrík eða hjalli, sem nefnist næstahvarf. Hlíðin þar innar er grösug neðan götu, heitir Höfðahlíð allt inn að Höfðagili.“ <sup>45</sup> Í um 300 m til norðurs frá bæjarstæðinu á Barmi eru greinanlegar mógrafir á grasfleti í um 100 m rétt neðan við veginn út á Hallsteinsnes.

### Minjalýsing:

Allt þetta svæði (150 m x 50 m) virðist hafa verið notað til mótekju. Þar eru skurðir á víð og dreif og eru mógrafirnar um 60 cm á dýpt. Mógrafirnar voru skornar í stöllum suðvestan til og eru þeir sjáanlegir á mynd 29. Mikið af gróðri hefur vaxið yfir mógrafirnar og er mýri á svæðinu. Norður endi mógrafanna lendir undir nýjum vegi inn í Djúpadal.

<sup>41</sup> Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn. III., Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1896: 196

<sup>42</sup> Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. IV., Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1897 :156

<sup>43</sup> Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. VI., Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1900-1904: 609.

<sup>44</sup> Örnefnaskrá Barms, bls 1.

<sup>45</sup> Örnefnaskrá Barms



Innan í mógröfinni, við suðaustur endann er þúst [1788-297] og er líklegt að þar hafi verið hús tengd mógröfunum.



Mynd 31. Horft yfir mógrafir [1788-296] við Höfðahlíð.

**Númer: 1788-297**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir:** A: 348457 N:  
566126

**Ástand:** Illgreinanlegar  
fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Lítil hætta


**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**

Þústin er staðsett á svæði þar sem mógrafir eru og nefnist Höfðahlíð. Þústin er í um 70 m fjarlægð í vestur frá miðlínu fyrirhugaðs vegar inn í Djúpadal.


**Minjalýsing:**

Þústin er sporöskjulaga í laginu og er um 10 m að lengd og 5 m að breidd. Hæð þústarinnar er um 50 cm þar sem hún er hæst. Ekki var hægt að sjá móta fyrir veggjum



Mynd 32. Þúst [1788-297] á mótökusvæði við Höfðahlíð

en líklega var þarna mótóft eða móstæði þar sem mónum hafi verið hlaðið upp og hann geymdur eða þurrkaður.



Mynd 33. Mógröf [1788-296] mæld inn ásamt mögulegri mótóft [1788-297]

**Númer: 1788-298**

**Hlutverk:** Samgöngubót

**Tegund:** Varða

**Staðhættir:** A: 348647 N: 566628

**Ástand:** Heillegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**



Mynd 34. Varða [1788-298].

Varðan er staðsett efst á klöpp í um 166 m norðaustan við Hrísnis og 270 m neðan og vestan núverandi veg að Hallsteinsnesi. Varðan fer undir skeringar og vinnusvæði fyrirhugaðs vegar inn í Djúpadal.

**Minjalýsing:**



Varðan er steinhlaðin og er um 70 cm á lengd, 50 cm á breidd og 40 cm há. Varðan er í hættu vegna framkvæmda þar sem hún er staðsett innan vinnusvæðis vegar.

**Númer: 1788-299**

**Hlutverk:** Samgöngubót

**Tegund:** Varða

**Staðhættir:** A: 348745 N: 566926

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Lítil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð



*Mvnd 35. Varða [1788-299].*

Varðan er staðsett efst á klöpp í 55 m sunnan við Hálsá og í um 90 m fjarlægð í austur frá fyrirhuguðum vegi inn í Djúpadal.

**Minjalýsing:**

Varðan er steinhlaðin með einni röð af steinum og er um 50 cm í þvermál og um 20 cm há. Varðan er ekki í mikilli hættu þar sem hún er staðsett í um 90 m frá miðlínu vegar.

**Númer: 1788-300**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Staðhættir:** A: 348770 N: 566711

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Lítil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**

Neðan, í um 115 m vestan við núverandi veg inn að Barmi er slóði sem virðist liggja í norður suður frá Hálsá eða Gljúfurá í áttina að túninu.



*Mynd 36. Slóðinn [1788-300] sjáanlegur á milli gróðurs.*

**Minjalýsing:**



Slóðinn er um 300 m langur og er sjáanlegur út frá uppblásnu svæði sunnan hálsár þaðan niður til suðurs og hverfur við klettabelti í um 270 m vestan við Hrísnæs. Vegurinn er ekki í hættu vegna framkvæmda fyrirhugaðs vegar inn í Djúpadal.

**Númer: 1788-301****Hlutverk:** Stekkur/ beitarhús**Tegund:** Rúst**Staðhættir:** A: 348676 N: 566725**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Vegagerð**Staðhættir:**

Rústin er í um 95 metra vestan við götu [1788-300] og er í 20 m austan við skeringar fyrirhugaðs vegs inn í Djúpadal.

**Minjalýsing:**

Líklega er hér stekkur eða beitarhús. Þar eru tvö hólf og er rústin alls 10 m að lengd og 4,5 m að breidd. Fremra hólf (A) er hlaðið úr stein og ekkert torf sjáanlegt. Hólf (A) er opið í norðvestur endann og er opið um 1,5 m að breidd. Lengd hólfins er 5 x 2 m og er veggir um 50 cm breiðir og hæð veggja um 20-50 cm háir. Innra hólf (B) er um 3 m að lengd og 4,5 m að breidd. Suðvestur hlið hólfins er náttúruleg klöpp og er um 80 cm hátt. Ekkert op er sjáanlegt á milli hólfanna og er líklegt að þar hefur verið gengið inn ofan á vegg.



Mynd 37. Rúst [1788-301] þar sjást steinahleðslur fremra hólfins.



Mynd 38. Vörður [1788-298 og 1788-299], stekkur/ beitarhús [1788-301] og leið [1788-300] merkt inn á kort.

## 7. MIÐHÚS

### 7.1 Saga Miðhús

Dýrleiki 12 hundruð. "1805 er eyðihjáleigan Kot." [Johnsen] "Hann hafði ok gert bú at Hólum, þá er hitt var upp tekit, ok ræntan Þorgrím at Miðhúsum fimm hundruð sauða." [Sturl.saga II., Íslendinga saga, bls. 255] "Ok er þeir riðu innan frá Miðhúsum, þá váru menn úti á Hólum og þrættu um hvárt myndi fénaðr eða mannareid." [Sturl.saga. III. Íslendinga saga, bls. 73] [1238] Máldagi Gufudalskirkju. "Item er þetta maldagi i Gufudal ad Brandur biskup wigdi wnder suo witt takmark ad tyunder liggia þar til. Fra Jllugastaudum vr skalmar firdi. Fra quindis firdi. Kirkiu boli. Bæ. Klett. Mula. Kalfa dal. Eyri. Gallttargia. Klaufa staudum. Skala nesi. Vr gufudal fremra. Af brecku. Grou nesi. Midhus[um]. Diupa dal. Barme Hallsteinsnesi. Af hiollum." [D.I. I. Bls. 522] [1491-1518] Máldagi Gufudalskirkju. "Jtem a kirkian þessar jarðir. Brecku, Midhus og kvyindisfiurd." [D.I.VII., bls 77-78].

Í ornefnaskrá Miðhúsa segir; „Jörð í Gufudalssveit næst utan við Djúpadal með Djúpafirði að vestanverðu. Þessi jörð er í eyði, en er nytjuð frá Djúpadal. Land þessarar jarðar er

tvískipt það er beggja megin fjarðarins. [...] Þá er það landið austan fjarðarins, sem tilheyrir Miðhúsum. Þetta svæði er vanalega nefnt Mýrarland og afmarkast af Gljúfurá móti Barmi og Kerlingargili.“<sup>46</sup>

## 7.2 Fornleifaskráning Miðhúsa

**Númer:** 1788-302

**Sérheiti:** Sel

**Hlutverk:** Sel/ bústaður

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 348804 N:  
567142

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Lítil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

Rústirnar eru staðsettar við jaðar túns frá Djúpadal í um 215 m suðvestan við núverandi Vestfjarðarveg og um 100 m norðan við Hálsá eða Gljúfurá. Í örnefnaskrá Miðhúsa segir; „Utar og upp af hækkar nú landið, og heitir þar út undir Gljúfurá Sauðabólshöfði. Er þá komið upp úr neðstu brekkunum upp í Mýrarlandið. Verða þar fyrst fyrir allmiklar selrústir, Sel. Þar hafa verið beitarhús, og oft var búið þar. Annað sel var þar hærra uppi ofan vegar sem nefnt var Fornasel.“<sup>47</sup>

Á síðunni Sögur og Sagnir segir um selið: „Tungan milli Hálsár og Kerlingargils heitir Mýraland og lá undir Miðhús, býli sem stóð vestanvert til Djúpafljörð. Þarna í tungunni var haft í seli frá Miðhúsum og ýmsir hafa talið að hér hafi staðið bærinn Þorgilsstaðir, sem nefndur er í Þorskfirðingasögu. Fyrir liðlega hundrað árum mátti sjá afargamlar tóttir austanvert við reiðgötuna upp á hálsinn.“<sup>48</sup>

Í bókinni Þar minnst fjöll og firðir segir: „Jarðabók nefnir örnefnið Kot í Mýrarlandi og kveður leifar af girðingu og tóttum þar senda til að þarna hafi verið búið að fornu. Býlis



Mynd 39. Seljarústir [1788-302]

<sup>46</sup> Örnefnaskrá Miðhús, bls. 1.

<sup>47</sup> Örnefnaskrá Miðhús, bls. 3.

<sup>48</sup> Kjartan Ólafsson. 2019.



*Þessa er ekki getið í Elsta máldaga Gufudalskirkju og hefur byggð þar því lagst af fyrir 1230. Meiri vafi leikur á um upplýsingar í fornritum. Landnáma segir Þorbjörn loka hafa numið Djúpafljörð og Grónes til Gufufjarðar. Son átti Þorbjörn, Þorgils að nafni, og bjó sá að sögn Landnámu að Þorgilsstöðum í Djúpafljóði. Það örnefni er óþekkt, sagnir frá 19.öld herma að sá bær hafi verið þar sem Kot var. Kr. Kålund telur Þorgilsstaði vera eldra nafn á Miðhúsum og Sigurjón Jónsson að um sé að ræða eldra nafn á Djúpadal. Úr þessu verður tæplega skorið með nokkurri vissu héðan af. Sel var byggt á rústum Kots árið 1710 en seljabúskapur hefur vafalaust lagst þar niður fyrir 1800. Mældagar Gufudalskirkju frá 16. öld benda helst til Mýrarland hafi einhverju sinni verið sérstakt býli, þá í eyði.“*

Í athugasemdum örnefaskrár Miðhúsa svaraði Samúel Zakaríasson, bóndi í Djúpadal spurningum. Þar segir um Selið: „Það sjást rústir á báðum seljunum, litlar á Fornaseli, en mjög miklar á Selinu. Þar hafa verið hlaðnir garðar úr torfi og grjóti.“<sup>49</sup>


Tóftin er ekki í mikilli hættu þar sem hún er staðsett í 75 m fjarlægð frá fyrirhugaðri veglínu.

#### **Minjalýsing:**

Þar er sjáanlegt sjö hólfa rúst með hringlaga rúst [1788-303] rétt sunnan við. Alls er rústin 15 m á lengd og 10 m á breidd. Hæð rústarinnar er um 80 cm þar sem hún er hæst. Nyrst eru fjögur minni hólfa sem tengjast við fjárhúsin til suðurs.

---

<sup>49</sup> Örnefnaskrá Miðhús, Athugasemdir



Mynd 40. Minjar við Selið merkt inn á kort.

**Númer: 1788-303**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir:** A: 348799 N: 567130

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Lítil hættu

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**

Tóftin er staðsett rétt sunnan við sel [1788-302] og í 88 m fjarlægð frá miðlínu fyrirhugaðs vegar inn í Djúpadal.

**Minjalýsing:**

Hringlaga þúst rétt sunnan við Selið. Þústin er mjög hringlaga og getur þar hafa verið fjárborg, byrgi eða skýli þar sem dæld er í miðju þess. Ekki er hægt að sjá greinilega veggi

og inngang inn í tóftina en þó má gera ráð fyrir að þeir séu þar undir. Tóftin er 7 m á lengd, 6 m á breidd og um 70-80 cm á hæð.



Mynd 41. Rauða örin bendir á þar sem hringlaga tóftin er staðsett við selið.

**Númer: 1788-304**

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir:** A: 348832 N: 567115

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Lítil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**

Rétt austan við sel [1788-302] er garðlag og rétt með tveimur hólfum á.

**Minjalýsing:**



Mynd 42. Túngarður sjáanlegur og fyrir miðja mynd sést í syðra hólfíð.



Garðlagið liggur í suðaustur-norðvestur þar sem það beygir svo til vesturs við norður endann. Garðlagið er 58 m langt og er 1,8 m breitt op í norður endanum. Tvö hólf eru á réttinni, það syðra er ferkantað og er 6,5 m á lengd og 6,4 m á breidd með op til suðvesturs. Nyrðra hólfíð er þríhyrningur í laginu og er 5,5 m á lengd 5 m á breidd með op á suðvestur hlið.

**Númer: 1788-305**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft, niðurgröftur

**Staðhættir:** A: 348805 N: 567160

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Lítil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**



Mynd 43. Tóft og niðurgröftur [1788-305]. Þar sést niðurgröfturinn innan tóftarinnar fyrir miðju.

Um 7 m norðan og norðaustan við garðlag og rétt [1788-304] og 9 m vestan við þúst [1788-309] er illgreinanleg tóft og niðurgröftur. Tóftin er ekki í hættu vegna vegar inn í Djúpadal þar sem hún er staðsett í 90 m fjarlægð frá miðlínu vegar.

**Minjalýsing:**

Tóftin er illgreinanleg og virðist sem norðaustur endinn að innan sé niðurgrafinn að hluta til. Svo virðist sem op hefur verið inn í tóftina við suðvestur hliðina þar sem enginn veggur var sjáanlegur við fornleifaskráningu. Tóftin er 6,2 m á lengd og 5,2 m á breidd. Niðurgröfturinn er 3,2 m á lengd og 1,9 m á breidd að innanmáli. Ekki er vitað hvert hlutverk tóftarinnar hefur verið en líklega hefur hún tengst seljabúskapnum.

**Númer: 1788-306****Hlutverk:** Brunnur**Tegund:** Niðurgröftur með hleðslu**Staðhættir:** A: 348811 N: 567095**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Vegagerð**Staðhættir:**

Mynd 44. Brunnur [1788-306] staðsettur sunnan við Selið [1788-302].

Utan við girðingu túnsins sunnan megin var steinhlaðinn brunnur staðsettur í um 40 metra sunnan við selið og í 110 m frá miðlínu fyrirhugaðs vegar inn í Djúpadal og því ekki í hættu vegna tilkomu vegar.

**Minjalýsing:**

Brunnurinn var steinhlaðinn og virðist hruninn inn á við. Brunnurinn er 2,5 m í þvermál og um 20 cm hár. Ekkert vatn var sjáanlegt í miðju brunnarins.

**Númer: 1788-307****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir:** A: 348782 N: 567174**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Lítil hætta**Hættuorsök:** Vegagerð**Staðhættir:**

Tóftin er staðsett í um 32 m norðan við sel [1788-302] og 8 m norðaustan við rúst [1788-308]. Tóftin er í lítilli hættu vegna vegar inn í Djúpadal þar sem hún er staðsett í 70 m fjarðlægð frá miðlínu vegar.

**Minjalýsing:**

Tóftin er mikið grasi gróin og er 8,8 m á lengd og 5,2 m á breidd. Op er inn í rústina við norður hornið. Veggir rústarinnar voru misháir þar sem þeir voru um 30 cm á hæð á



norður og norðausturhlið. Veggurinn á suður og suðvestur hlið var hærri þar sem hann var um 1 m á hæð.



Mynd 45. Fornleifafræðingur við skráningu tóftarinnar. Hér er hægt að sjá hæð veggja á suður hliðinni. Hæstur var hann um 1 m á hæð.

**Númer: 1788-308**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir:** A: 348791 N: 567184

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Lítil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:**

Litla tóftin er staðsett í 8 m suðvestan og 28 m norðvestan við sel [1788-302]. Tóftin er í lítilli hættu vegna vegar inn í Djúpadal þar sem hún er staðsett í 63 m fjarðlægð frá miðlínu vegar.



Mynd 46. Tóft [1788-308] er sjáanleg hér fyrir miðju.



**Minjalýsing:**

Tóftin er mikið grasi gróin og var 4 m á lengd og 3,5 m á breidd. Hæð veggja var um 40 cm þar sem hann var hæstur. 8,8 m á lengd og 5,2 m á breidd. Op er inn í rústina við norður endann.

**Númer: 1788-309****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Staðhættir:** A: 348802 N: 567153**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Lítil hætta**Hættuorsök:** Vegagerð**Staðhættir:**

Rétt norðan, eða um 1,5 m frá selinu er stór þúst þar sem líklega eru fleiri en ein bygging. Tóftin er í lítilli hættu vegna nýs vegar inn í Djúpadal þar sem hún er staðsett í 75 m fjarlægð frá miðlínu vegar.

**Minjalýsing:**

Erfitt var að greina út hvað væri þarna undir yfirborðinu, en þar var greinilegur hóll og var gróðurinn öðruvísi en gróðurinn í kring. Þústin var 14,8 m að lengd og 8 m á breidd. Mögulega hefur þarna verið einhverskonar útihús tengt seljabúskapnum.



Mynd 47. Hér fyrir miðju sést þústin sem var norðan við selið. Selið er svo sjáanlegt vinstra megin á myndinni fyrir miðju.

## 8. GRÓNES

### 8.1 Saga Grónes

Dýrleiki 12 hundruð. „Þorbjörn loki hét maðr, sonr Böðmóðs ór Skut. Hann fór til Íslands og nam Djúpafjörð ok Grónes til Gufufjarðar.“<sup>50</sup> „Grímkell hét frilluson, er bjó á Grímkelsstöðum út frá Gröf.“<sup>51</sup> Máldagi Gufudalskirkju. „Item er þetta maldagi i Gufudal ad Brandur biskup wigdi wnder suo witt takmark ad tyunder liggia þar til. Fra Jllugastaudum vr skalmar firði. Fra quindis firði. Kirkiu boli. Bæ. Klett. Mula. Kalfa dal. Eyri. Gallttargia. Klaufa staudum. Skala nesi. Vr gufudal fremra. Af brecku. Grou nesi. Midhus[um]. Diupa dal. Barme Hallsteinsnesi. Af hiollum.“<sup>52</sup>

Í Jarðabók Árna og Páls segir að útgangur sé í skárri lagi en skógur til raftviðar sé fyrir löngu uppeyddur en nóg skógur til kolagerða og eldiviðar. Torfrista og stunga nær enginn nema í túninu. Skelfiskfjara að nokkru gagni.<sup>53</sup>

### 8.2 Fornleifaskráning Grónes

**Númer:** 1788-310

**Hlutverk:** Skáli

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 344134 N:  
563113

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**



Mynd 48. Staðið í norður enda skálans horft til suðurs.

Túnið á Grónesi stendur á malarbakka og neðan við túnið er brekka og svo önnur slétta sem í dag er þakin berjalyngi niður að fjöruborði. Þar fundust með aðstoð dróna landnámsskáli og garðlag [1788-311].

<sup>50</sup> Ísl.sög. I., Landnámabók.1968: 98

<sup>51</sup> Ísl.sög.IV., Þorskfirðinga saga.1981: 337

<sup>52</sup> Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn. III., Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1909-13. I. :522.

<sup>53</sup> Árni Magnússon, Páll Vídalín, Jarðabók, VI.bindi.1981:221-222

**Minjalýsing:**

Sumarið 2021 var flogið dróna, seint um kvöld til að nýta skugga kvöldsólarinnar og mynda minjar við Grónes. Sú myndataka leiddi í ljós ummerki um minjar sem sér illa stað á jörðu niðri en koma vel í ljós við drónamyndatöku í góðu skyggni. Birtist þá bogalöguð bygging sem líktist mjög miðaldaskála. Strax var haft samband við minjavörð Vesturlands sem og Minjastofnun vegna þessa fundar og að tilmælum þeirra staðfest með borkjarna og könnunarholu að sannarlega var þarna um að ræða skálabyggingu sem er í miðju fyrirhugaðs vegstæðis. Hafist var handa við að grafa skálann í ágúst og er hægt að sjá niðurstöður fyrsta áfanga uppgrafterins í skýrslunni *Björgunarrannsókn á skálanum á Grónesi*.<sup>54</sup>

Skálinn var bogadreginn og sneri í norður-suður með viðbyggðu smáhýsi til vesturs. Skálinn er um 18 m að lengd og 7 m á breidd. Smáhýsið var um 5 m á lengd og 5 m á breidd. Ofan og líklega sambyggt er garðlag [1788-311] sem liggur í ausur-vestur og tengist við matjurtagarð [1788-313] austan til.

---

<sup>54</sup> Kristín Sylvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022.





Mynd 49. Skálinn er merktur hér inn á drónamynd sem var tekin seint á sumarkvöldi.

**Númer: 1788-311**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Staðsetning:** A: 344126 N: 563137

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

Túnið á Grónesi stendur á malarbakka og neðan við túnið er brekka og svo önnur slétta sem í dag er þakin berjalyngi niður að fjöruborði. Þar fundust með aðstoð dróna landnámskáli [1788-310] og garðlag þetta.

**Minjalýsing:**



Ofan og líklega sambyggt skálanum [1788-310] er garðlag [1788-311] sem liggur í ausurvestur og tengist við matjurtagarð [1788-313] austan til. Garðlagið er mikið lyngi og grasi gróið og var um 45 m langt og var breidd þess um 1,5 m.



Mynd 50. Garðlagið er rétt sjáanlegt á milli matjurtargarðs [1788-313] og þar sem er byrjað að taka af skálanum [1788-310].

**Númer: 1788-312**

**Eldra númer: 1788-207**

**Hlutverk:** Rétt/ sláturhús

**Tegund:** Hleðsla

**Staðsetning:** A: 344056 N:  
563204

**Ástand:**

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

Niður við sjó vestur af túni Gróness eru hleðslur upp við kletta. Réttin er staðsett í 245 m suðvestan við bæjarhólinn á Grónesi. Hluti af byggingunni mun lenda undir skeringar og vinnusvæði. Að beiðni minjastofnunar átti einungis að merkja minjarnar.


**Minjalýsing:**



Mynd 51. Aðhaldið eða sláturhúsið viður við sjó á Grónesi.

Við skráningu árið 2015 voru þessar hleðslur skráðar sem byrgi eða rétt. Við frekari athugun og heimildarvinnu hafa þessar hleðslur verið notaðar sem rétt fyrir sláturhús.

Í bókinni Þar minnst fjöll og firðir segir um sláturhúsið á Grónesi á árunum 1946-47: „Á Grónesi og Þórisstöðum var slátrað undir beru lofti en innanhúss í Múla síðustu árin. Bændur í Gufufirði ráku sláturfé út á Grónes og inn á Grónestún, sem var girt. Þar var það geymt yfir nóttina, en rekið í rétt niður við sjó snemma næsta dag. Bárujárnsskúr var skammt fyrir ofan réttina o við erfi gafl hans var reistur gálgi.“<sup>55</sup>



Mynd 52. Rétt [1788-312] merkt inn á kort.

Sláturhúsið er hlaðið úr grjóti og stendur upp við klett sem myndar eina hlið þess. Sláturhúsið er 4 m á lengd og 2 m á breidd og eru veggir um 1m á hæð.

**Númer: 1788-313**

**Eldra númer: 1788-206, BA-53: 023**

**Hlutverk:** Matjurtargarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðsetning:** A: 344183 N: 563121

**Ástand:** Heillegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Grónes segir um þessa garða: „Neðan undir túninu á Gróunesi er grasigróið svæði, nefnt Garðar. Er nafnið dregið af mörgum garðlögum, er þar voru í hvamminum, t.d. þrjár garðar í hvamminum næst við tangann. Víða sjást þessar gömlu hleðslur.

<sup>55</sup> Ástvaldur Guðmundsson og Lýður Björnsson. 2012. Bls. 83



Guðmundur Jónsson heyrði þetta nefnt þrælavirki, og fylgdi því sú skýring, að húsbændur hafi látið þræla sína hafa land til ræktunar og skildu þeir eiga afraksturinn."<sup>56</sup>

Fyrirhugaður vegur fer rétt fram hjá gördunum. Minjastofnun fór fram á að garðarnir yrðu merktir og var það gert sumarið 2021.


**Minjalýsing:**

Ólíklegt er að þessir garðar séu þar sem þrælagarðar eru staðsettir. Garðar þessir minna helst á matjurtagarða og virðast hafa verið í notkun á síðustu búsetustigi á Grónesi. Enn eru sjáanlegir kýfðir teigar með rásam á milli innan hólfana. Frekari líkur eru á því að þrælagarðar sé garður [1788-316] sem liggur neðan við túnið á Grónesi.

Minjar þessar eru all sérstakar, garðarnir standa í skjólsælum hvammi mót suðri neðan við túnið á Grónesi. Þeir eru þrjú nokkuð stór hólf og er innangengt í tvö þeirra. Veggir eru grónir og töluvert háir eða um 1,20 m. Garðarnir eru 27 m á breidd og 14 m á lengd. Hæð þeirra bendir þó frekar til að þeir séu ekki mjög fornir, miðað við hversu sokknir garðar og veggir skálans eru. Líklega er um garða að ræða sem eru tilkomnir eftir að matjurtarrægt hófst á Íslandi, Greinilegt er hvar torfið í garðana var tekið því djúp hola er framan við þá sem ekki hefur fyllst upp.

---

<sup>56</sup> Örnefnaskrá Grónes



Mynd 53. Skáli [1788-310], garðlag [1788-311] og matjurtargarður [1788-313] merktir inn á kort.

**Númer: 1788-314**

**Eldra númer: 1788-208**

**Hlutverk:** Kirkjugarður

**Tegund:** Legstaður

**Staðsetning:** A: 344230 N: 563244

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta ef bráðabirgðabrú verður notuð. Mikil hætta ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

„Á bökkunum austur og niður af túninu er Gróuhóll, upp af Naustahvammi. Garðlag var kringum hólinn, sem veðrun og tímans tönn hefur nú að mestu numið brott.“<sup>57</sup> Gróuhóll er grafreitir Gróu landnámskonu, stór haugur og leiði í kring. Það var talið kristið fólk, af

<sup>57</sup> Örnefnaskrá Gróness

því að leiðin snúa þannig. Var eitt sinn grafið í hauginn, og áttu þá að hafa fundist auðæfi."<sup>58</sup>

Garðlagið eða kirkjugarðurinn er staðsettur umhverfis Gróuhól [1788-315] í um 200 m suðaustan við bæjarhólinn á Grónesi. Ekki hefur verið staðfest með rannsóknum að um sé að ræða kirkjugarð en það verður að teljast mjög líklegt.

### **Minjalýsing:**

Garðlagið í kringum kirkjugarðinn er ekki mjög greinilegt á yfirborði en sést vel á loftmyndum. Það virðist hafa verið hringlaga en vegslóða hefur verið rutt þar austan megin við og með skemmt eyðilagt austurhlið garðsins. Í miðju garðsins er svo Gróuhóll [1788-315]. Við gerð vegslóða niður í fjöru hefur garðurinn raskast að hluta til austan megin.


Í bókinni *Þar minnst fjöll og firðir* segir „Menn hafa talið sig geta bent á kuml Gró þessarar talsvert niður af Grónesbæ. Staðurinn ber merki um umrót. Sigurjón Jónsson frá Djúpadal kveður Jón nokkurn hafa grafið í kumlið og haft burt eitthvað af silfurmunum og hefur þetta eftir gamalli konu á Grónesi. Jón þessi hefur væntanlega grafið í kumlið á 19.öld.“<sup>59</sup>

Við vettvangsrannsókn á svæðinu sumarið 2021 kom í ljós að greinilegur torfveggur væri sjáanlegur í sverði. Var það líklega af garðlaginu en einnig var torf og steinaröð sjáanleg út frá Gróuhól [1788-315]. Garðlagið minnir helst á fornan kirkjugarð. Í örnefnaskrá er talað um leiði í fleirtölu og því líklegt að nokkur leiði hafi einhvern tímann verið sjáanleg. Garðlagið er 50 x 40 m á stærð.

<sup>58</sup> Viðbætur við Örnefnaskrá Gróness

<sup>59</sup> Ástvaldur Guðmundsson og Lýður Björnsson. 2012. Bls. 82





Mynd 54. Líklegur kirkjugarður [1788-314] umhverfis Gróuhóll [1788-315].

**Númer: 1788-315**

**Eldra númer: 1788-208**

**Sérheiti: Gróuhóll/ Gróuleiði**

**Hlutverk: Bænhús/ kirkja/ dys**

**Tegund: Tóft/ Legstaður**

**Staðsetning: A: 344235 N: 563229**

**Ástand: Greinanlegar fornleifar**

**Horfin: Nei**

**Hættumat:** Engin hættu ef bráðabirgðabrá verður notuð. Mikil hættu ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök: Vegagerð**

**Friðlýst: Nei**

**Staðhættir:**

„Á bökkunum austur og niður af túninu er Gróuhóll, upp af Naustahvammi. Garðlag var kringum hólinn, sem veðrun og tímans tönn hefur nú að mestu numið brott.“<sup>60</sup> Gróuhóll er grafreitir Gróu landnámskonu, stór haugur og leiði í kring. Það var talið kristið fólk, af



Mynd 55. Hér sést Gróuhóll fyrir miðju innan kirkjugarðs [1788-314], þar sést hvernig vegurinn niður að sjó hefur raskað hólnum.

<sup>60</sup> Örnefnaskrá Gróness

því að leiðin snúa þannig. Var eitt sinn grafið í hauginn, og áttu þá að hafa fundist auðæfi."<sup>61</sup>

Gróuhóll er staðsettur innan í hinum líklega kirkjugarði [1788-314] í um 200 m suðaustan við bæjarhólinn á Grónesi.

### Minjalýsing:

Í bókinni *Þar minnst fjöll og firðir* er talað um kuml þetta, þar segir: „*Sagnir herma að þar hafi fyrst búið Gró nokkur, hjákona Hallsteins goða á Hallsteinsnesi, nesið var þó í landnámi Þorbjarnar loka Djúpfirðings. Menn hafa talið sig geta bent á kuml Gró þessarar talsvert niður af Grónesbæ. Staðurinn ber merki um umrót. Sigurjón Jónsson frá Djúpadal kveður Jón nokkurn hafa grafið í kumlið og haft burt eitthvað silfurmunum og hefur þetta eftir gamalli konu á Grónesi. Jón þessi hefur því væntanlega grafið í kumlið á 19.öld.*“<sup>62</sup>

Niðurgroftur sést í miðjum hólnum líklega eftir umrædda könnun. Gróuhóll er greinanlegur á yfirborði og á loftmynd. Í kringum Gróuhól er garðlag sem minnir helst á fornan kirkjugarð. Við gerð vegslóða niður í fjöru hefur Gróuhóll raskast að hluta til austan megin. Við vettvangsrannsókn á svæðinu sumarið 2021 kom í ljós að greinilegur torfveggur væri sjáanlegur í sverði. Var það líklega af garðlagi [1788-314] en einnig var torf og steinaröð sjáanleg út frá Gróuhól. Þess má álykta að þar hafi verið fornt bænhús eða kirkja með torfhlöðnum hringlaga kirkjugarði í kring. Ekki er víst um hvort þarna sé grafreitur Gróu líkt og kemur fram í örnefnaskrá. Gróuhóll er um 14 m að lengd og 13 m á breidd.



Mynd 56. Til vinstri er hægt að sjá hringlaga kirkjugarð [1788-314] sem er skorinn af hinu líklega Þrælavirki [1788-316] til hægri. Innan kirkjugarðsins rétt við slóðann niður að sjó er hægt að sjá móta fyrir Gróuhól [1788-315].

<sup>61</sup> Viðbætur við Örnefnaskrá Gróness

<sup>62</sup> Ástvaldur Guðmundsson og Lýður Björnsson. 2012. Bls. 82



**Númer:** 1788-316

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Staðsetning:** A: 344219 N: 563196

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta ef bráðabirgðabrá verður notuð. Mikil hætta ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

„Á bökkunum austur og niður af túninu er Gróuhóll, upp af Naustahvammi. Garðlag var kringum hólinn, sem veðrun og tímans tönn hefur nú að mestu numið brott.“<sup>63</sup>

**Minjalýsing:**

Líklegt er að hér séu svokallað Þrælavirki sem nefnt var í örnefnaskrá, en þar var sagt að matjurtargarðar [1788-312] væru kallaðir Þrælavirki.

Garðlagið er mjög greinilegt á yfirborði og sést vel á loftmyndum. Það virðist vera hringlaga. Garðlagið virðist vera raskað af hringlaga garði [1788-314] sem minnir helst á fornan kirkjugarð. Eða að garðurinn var byggður upp að líklegum kirkjugarði [1788-314]. Garðlagið er 50 x 40 m á stærð. Innan garðlagsins má greina þústir sem líklega eru byggingar. Líklegt er að minnsta kosti séu 2-3 byggingar innan garðlagsins.



Mynd 57. Hér er hið líklega Þrælavirki fyrir miðju og er kirkjugarður [1788-039] sjáanlegt í norðaustur horni.

<sup>63</sup> Örnefnaskrá Gróness





Mynd 58. Minjar merktar inn á kort þar eru hringlaga kirkjugarður [1788-314] sem er skorinn af hinu líklega Þrælavirki [1788-316] til hægri. Innan kirkjugarðsins er Gróuhóll [1788-315]. Slóðinn niður á Grónes sker garðlag [1788-317] og suðausturhlíð Gróuhóls [1788-315] og kirkjugarðs [1788-314].

**Númer: 1788-317**

**Eldra númer: 1788-200, BA-53: 021**

**Hlutverk: Túngarður**

**Tegund: Garðlag**

**Staðsetning: A: 344194 N: 563362**

**Ástand: Vel greinanlegar fornleifar**


**Horfin: Nei**

**Hættumat:** Engin hætta ef bráðabirgðabrá verður notuð. Mikil hætta ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök: Vegagerð**

**Friðlýst: Nei**

**Staðhættir:**



Mynd 59. Garðlag [1788-317] er hér fyrir miðju.

Austan megin við bæjarstæðið sést móta fyrir túngarði sem liggur meðfram túninu í átt til sjávar. Túngarðurinn stendur um 7 m austan við tóft [1788-318].

**Minjalýsing:**

Garðurinn er um 200 m langur, vel útflattur og gróinn en hann er um 0,40 m á hæð og um 1,2 m á breidd og sker sig vel út úr landslaginu. Garðlagið hefur verið raskað við gerð vegslóða sem liggur niður að sjó. En garðinn er að sjá beggja vegna við þennan vegslóða.

**Númer: 1788-318****Eldra númer: 1788-197****Hlutverk: Útihús****Tegund: Tóft****Staðsetning: A: A:344218**

N: 563274

**Ástand:****Horfin: Nei**

**Hættumat:** Engin hætta ef bráðabirgðabrá verður notuð. Mikil hætta ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök: Vegagerð****Friðlýst: Nei**

*Mynd 60. Tóft [1788-318] sést hér á myndinni neðan við mögulegan kirkjugarð [1788-039] og þrælavirki [1788-316].*

**Staðhættir:**

Um 22 m norðan við mögulegan kirkjugarð [1788-315] og hið meinta þrælavirki [1788-316]. Tóftin stendur innan túngarðs og er 7 m vestan við túngarð [1788-317].

**Minjalýsing:**

Rústin er útihús með hlöðu aftan við. Veggir eru grónir um 1,20 m á hæð og er rústin opin til suðurs. Rústin er 15 m á lengd að utanmáli og 6 m á breidd

**Númer: 1788-319****Eldra númer: 1788-194****Hlutverk: Túngarður****Tegund: Garðlag****Staðsetning: A: 344216 N: 563477****Ástand: Illgreinanlegar fornleifar**



**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hættu ef bráðabirgðabrá verður notuð. Mikil hættu ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

Við hlið rústarbungunnar er mjög gamalt garðlag sem er mjög sokkið og liggur eins og nýrri og lengri túngarðurinn. Líklega er um mjög gamlan túngarð að ræða og túnið hefur verið stækkað síðar og nýr garður reistur.

**Minjalýsing:**

Garðurinn er 47 m að lengd og er mjög útflattur. Við miðju hans virðist vera hólf á garðinum en það er mjög ógreinilegt og getur einnig verið náttúrulegar þúfur líkt og er að sjá á öllu túninu.



Mynd 61. Túngarður [1788-319] er að sjá efst á myndinni fyrir miðju. Þar virðist vera ferkantað hólf fyrir miðju þess.



**Númer: 1788-320**

**Eldra númer:** 1788-209, BA-53: 009

**Hlutverk:** Náttthagi/ byrgi/ rétt

**Tegund:** Hleðsla

**Staðsetning:** A: 344295 N: 563540

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta ef bráðabirgðabru verður notuð. Mikil hætta ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

„Upp af túni var brekkan kölluð Bólbrekka. En austan við brekkuna Byrgisklettur, og niður af þeim var Byrgið, sem þeir drógu nafn sitt af.“<sup>64</sup>

Að beiðni minjastofnunar var náttthaginn merktur þar sem náma 118 væri við þessar minjar.

**Minjalýsing:**

Neðan við klettana er hlaðinn rétt. Inn af henni er hólf sem líka er hlaðið. Er líklegt að þarna sé um að ræða náttthaga eða kvíar. Stærð réttarinnar eða náttthagans er 43 m á lengd og 23 m á breidd frá klettunum sem mynda eina langhliðina. Litla réttin sem byggð er við klettana innan þeirrar stóru er 4x2 m. Náttthaginn hefur verið merktur að kröfu Minjastofnunar.



Mynd 62. Kró inn af réttinni við náttthagann

<sup>64</sup> Örnefnaskrá Gróness

**Númer: 1788-321****Eldra númer:** 1788-210,

BA-53:009

**Hlutverk:** Garðlag**Tegund:** Hleðsla**Staðsetning:** A: 344265 N: 563505**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Hættumat:** Lítil hættu af slóða en mikill ef efnistaka verður á þessum stað.**Hættuorsök:** Vegagerð**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Við hliðina á réttinni sem stendur við Byrgiskletta er grjóthlaðið garðlag. Garðurinn liggur austur af veginum sem liggur niður Grónesið.


Að beiðni minjastofnunar var garðlagið merkt þar sem náma 118 á að vera við þessar minjar.

**Minjalýsing:**

Garðurinn er grjóthlaðin og sér vel í hleðslur, er líklega til að króa af fé sem hefur verið að koma meðfram fjallinu og verið að fara með í nátthagann eða réttina.

**Númer: 1788-322****Eldra númer:** 1788-211, BA-53: 010**Hlutverk:** Aðhald**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** A: 343931 N: 563766**Ástand:** Illgreinanlegar minjar**Horfin:** Nei**Hættumat:** Lítil hættu.**Hættuorsök:** Vegagerð**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Mynd 63. Garðlag sem líklega hefur verið notað til að króa af fé sem rekið var í réttina.



Mynd 64. Aðhald [1788-322] norðan við túnið á Gróunesi.

"Háhornið fremst á fjallinu er nefnt Hyrna. Nokkuð vestur af henni er grasigróið skarð gegnum fjallið, sem heitir Fannskarð. Niður af Fannskarði eru Fannskarðsmýrar. Bæjarmegin við þær er eitt hringlaga garðlagið."<sup>65</sup>

**Minjalýsing:**

Garðlagið var illgreinanlegt á yfirborði en fannst við drónakönnun á svæðinu og með því var hægt að staðsetja garðlagið á loftmynd innan gróðursins. Garðlagið er 44 m á lengd og 36 m á breidd.

**Númer: 1788-323**

**Eldra númer:** BA-53: 022

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 344224 N: 563413

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta ef bráðabirgðabrá verður notuð. Mikil hætta ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

Austast í túninu er ógreinileg tóft. Tóftin stendur austan megin við túngarðinn og rétt við vegslóðann sem liggur niður að sjó. Tóftin var ekki skráð árið 2015 þar sem engin hætta var á að þessar minjar yrðu fyrir skemmdum.

**Minjalýsing:**

Tóftin er með eitt hól og er op í norður. Tóftin er 9 m á lengd og 5 m á breidd.

---

<sup>65</sup> Örnefnaskrá Gróness





Mynd 65. Tóft [1788-323] sjáanleg hér innan rauða hringsins austan við túngarð [1788-317]

## 9. BREKKA

### 9.1 Saga Brekku

Máldagi Gufudalskirkju. „Item er þetta maldagi i Gufudal ad Brandur biskup wigdiwnder suo witt takmark ad tyunder liggia þar til. Fra Jllugastaudum vr skalmar firidi. Fra quindis firidi. Kirkiu Boli. Bæ. Klett. Mula. Kalfa dal. Eyri. Gallttargia. Klaufa staudum. Skala nesi. Vr gufudal fremra. Af brecku. Grou nesi. Midhus[um]. Diupa dal. Barme Hallsteinsnesi. Af hiollum.“<sup>66</sup> [1397] Vilchinsbók. „Kirkia j Gufudaler helgud Gudi oc worri frv. Og hinum helga krossi. Hun á allt heimaland oc Hofstadi med ollumm gognum oggiædum. Skog æ Melanesi med Hofstodum og allann skog fra Geithusgile og vpp ad Miallgile. Manadarbeit

<sup>66</sup> Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn. I. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík, 1906-13:522.

iBrekkuland."<sup>67</sup> [1491-1518] Máldagi Gufudalskirkju. „\*Item a kirkian þessar jarðir. Brecku, Midhus og kvýndisfiurd."<sup>68</sup>

## 9.2 Fornleifaskráning Brekku

**Númer:** 1788-324

**Hlutverk:** Eyktarmark

**Tegund:** Varða

**Staðsetning:** A: 343821 N: 564574

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta ef bráðabirgðabru verður notuð. Mikil hætta ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

Varðan er staðsett á klöpp rétt við veginn inn að

Grónesi. Varðan er mjög nálægt þar sem jarðirnar Grónes og Brekka mætast og er því líklegast eyktarmark.

**Minjalýsing:**

Varðan er um 1 m í þvermál og um 50 cm há. Varðan er hlaðin úr grjóti sem er svipað að stærð og er hún hlaðin út 4-5 lögum af steinum.

**Númer:** 1788-325

**Hlutverk:** Stekkur/ beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 344119 N: 565199

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei



Mynd 66. Varðan við landamerki Grónes og Brekku.



Mynd 67. Stekkur/ beitarhús [1788-325] merkt inn á kort.

<sup>67</sup> Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. IV., Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík, 1923-32 :153

<sup>68</sup> Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn. VII., Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík, 1909-13. Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. VI., Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík, 1903-1907:77-78



**Hættumat:** Engin hættu ef bráðabirgðabrá verður notuð. Mikil hættu ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá segir: „Upp af Hestahólnum fer hlíðin hækkandi. Upp og fram af þeim er Húsgaflsbrekka. Upp af henni er hátt holt, sem heitir Húsgafl og dregur nafn af lögun. Þar var eitt sinn býli, svo beitarhús og nú stekkjarrústir.“<sup>69</sup>

**Minjalýsing:**

Líklegt er að hér séu stekkjarrústirnar sem talað var um í örnefnaskrá. Alls eru hér þrjár tóftir [1788-325, 1788-326 og 1788-327] og virðast þær greinilegri á yfirborði en aðrar rústir á svæðinu. Stekkurinn er með eitt hólf og op til austurs. Tóftin er 8,6 m á lengd og um 7 m á breidd.

Borkjarni 9 var tekinn í miðju rústarinnar til að kanna hvort einhverja mannvist væri að finna innan rústarinnar. Með borkjarnarannsókn kom í ljós að þar væri torfleifar en engin gólfög voru að finna og því líklegast er þarna sé stekkur eða beitarhús. Í skýrslunni *Fornleifarannsóknir innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi*<sup>70</sup> er hægt að sjá niðurstöður borkjarnarannsóknarinnar.

---

<sup>69</sup> Örnefnaskrá Brekku

<sup>70</sup> Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022





Mynd 68. Hér eru Stekkir/ beitarhús [1788-325] lengst til vinstri neðst, stekkur/ beitarhús [1788-326] til hægri og stekkur/ beitarhús [1788-327] efst fyrir miðju.

**Númer: 1788-326**

**Hlutverk:** Stekkur/ beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 344137 N: 565185

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta ef bráðabirgðabrá verður notuð. Mikil hætta ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá segir: „Upp af Hestahólnum fer hlíðin hækkandi. Upp og fram af þeim er Húsgaflsbrekka. Upp af henni er hátt holt, sem heitir Húsgafl og dregur nafn af lögun. Þar var eitt sinn býli, svo beitarhús og nú stekkjarrústir.“<sup>71</sup>

**Minjalýsing:**



Mynd 69. Stekkur/ beitarhús [1788-326] merkt inn á kort.

<sup>71</sup> Örnefnaskrá Brekku

Líklegt er að hér séu stekkjarrústirnar sem talað var um í örnefnaskrá. Alls eru hér þrjár tóftir [1788-325, 1788-326 og 1788-327] og virðast þær greinanlegri á yfirborði en aðrar rústir á svæðinu. Stekkurinn er tvíhólfa og með op til vesturs. Stekkurinn er 14,2 m á lengd og um 7,5 m á breidd.

**Númer: 1788-327****Hlutverk:** Stekkur / beitarhús**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A: 344142 N: 565203**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta ef bráðabirgðabruð verður notuð. Mikil hætta ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök:** Vegagerð**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá segir: „Upp af Hestahólnum fer hlíðin hækkandi. Upp og fram af þeim er Húsgaflsbrekka. Upp af henni er hátt holt, sem heitir Húsgafl og dregur nafn af lögun. Þar var eitt sinn býli, svo beitarhús og nú stekkjarrústir.“<sup>72</sup>

**Minjalýsing:**

Líklegt er að hér séu stekkjarrústirnar sem talað var um í örnefnaskrá. Alls eru hér þrjár tóftir [1788-325, 1788-326 og 1788-327] og virðast þær greinanlegri á yfirborði en aðrar rústir á svæðinu. Stekkurinn er eins hólfa og með op til vesturs. Stekkurinn er 7,7 m á lengd og um 5,6 m á breidd.



Mynd 70. Stekkur/ beitarhús [1788-327] merkt inn á kort.

<sup>72</sup> Örnefnaskrá Brekku

**Númer:** 1788-328

**Hlutverk:** Bústaður

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 344178 N: 565205

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hættu ef bráðabirgðabrá verður notuð. Mikil hættu ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei


**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá segir: „Upp af Hestahólnum fer hlíðin hækkandi. Upp og fram af þeim er Húsgaflsbrekka. Upp af henni er hátt holt, sem heitir Húsgafl og dregur nafn af lögun. Þar var eitt sinn býli, svo beitarhús og nú stekkjarrústir.“<sup>73</sup>

Rústin er staðsett í 40 m vestan við núverandi slóða niður á Grónes. Líklega er þetta staðsetning býlisins sem var þar áður líkt og er nefnt í örnefnaskrá.

**Minjalýsing:**

Rústin er syðst af þremur rústum [1788-328, 1788-329 og 1788-330] sem erfitt er að greina hvort þau voru sambyggð eða ekki. Tóftirnar virðast ekki vera sambyggðar á loftmynd og því teiknaðar inn þannig. Rústin er 16 m á lengd og 10 m á breidd. Op er inn í rústina til norðvesturs.



Mynd 71. Tóft [1788-329] merkt inn á kort.

<sup>73</sup> Örnefnaskrá Brekku





Mynd 72. Efst á myndinni fyrir miðju eru rústir mögulegs bústaðar sjáanlegar þar er frá vinstri rúst [1788-330], í miðju er rúst [1788-329] og svo lengst til hægri er rúst [1788-330]. Ekki ert víst hvort rústirnar eru tengdar eða ekki.

**Númer:** 1788-329

**Hlutverk:** Bústaður

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 344178 N: 565221

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hættu ef bráðabirgðabrá verður notuð. Mikil hættu ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá segir: „Upp af Hestahólnum fer hlíðin hækkandi. Upp og fram af þeim er Húsgaflsbrekka. Upp af henni er hátt holt, sem heitir Húsgafl og dregur nafn af lögun. Þar var eitt sinn býli, svo beitarhús og nú stekkjarrústir.“<sup>74</sup>

<sup>74</sup> Örnefnaskrá Brekku

Rústin er staðsett í 40 m vestan við núverandi slóða niður á Grónes. Líklega er þetta staðsetning býlisins sem var þar áður líkt og er nefnt í örnefnaskrá.

### Minjalýsing:

Rústin er í miðju af þremur rústum [1788-328, 1788-329 og 1788-330] sem erfitt er að greina hvort þau voru sambyggð eða ekki. Tóftirnar virðast ekki vera sambyggðar á loftmynd og því teiknaðar inn þannig. Rústin er 10 m á lengd og 7 m á breidd. Op er inn í rústina til norðvesturs.

**Númer: 1788-330**

**Hlutverk:** Bústaður

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 344193 N: 565235

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta ef bráðabirgðabrá verður notuð. Mikil hætta ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei


**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá segir: „Upp af Hestahólnum fer hlíðin hækkandi. Upp og fram af þeim er Húsgaflsbrekka. Upp af henni er hátt holt, sem heitir Húsgafl og dregur nafn af lögun. Þar var eitt sinn býli, svo beitarhús og nú stekkjarrústir.“<sup>75</sup>

Rústin er staðsett í 40 m vestan við núverandi slóða niður á Grónes. Líklega er þetta staðsetning býlisins sem var þar áður líkt og er nefnt í örnefnaskrá.

### Minjalýsing:

Rústin er nyrst af þremur rústum [1788-328, 1788-329 og 1788-330] sem erfitt er að greina hvort þau voru sambyggð eða ekki. Tóftirnar virðast ekki vera sambyggðar á loftmynd og því teiknaðar inn þannig. Rústin er 16 m á lengd og 10 m á breidd. Op er inn í rústina til norðvesturs.



Mynd 73. Tóft [1788-330] merkt inn á kort.

<sup>75</sup> Örnefnaskrá Brekku





Mynd 74. Hér eru tóftir líklegs bústaðar við Húsgafl [1788-330], [1788-329] og [1788-328] rétt undir brekkunni.

**Númer: 1788-331**

**Hlutverk:** Skáli

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 344183 N: 565252

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta ef bráðabirgðabrá verður notuð. Mikil hætta ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök:** Vegagerð


**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

Skálinn er staðsettur í 57 m austan við núverandi slóða niður á Grónes, 5,5 m austan við jarðhýsið [1788-332] og 3,8 m norðan við tóft [1788-330].

**Minjalýsing:**

Skálinn kom í ljós þegar dróna var flogið yfir svæðið. Skálinn virðist vera eitt hólf og um 22 m á lengd og 10 m á breidd. Inngangur inn í skálann er við vestur hliðina og er jarðhýsið þar skammt frá eða um 5,5 m vestan við skálann.



Mynd 75. Skáli [1788-331] merktur inn á kort.



Borkjarni 10 var tekinn í miðju skálans til að staðfesta að þar væri bústaður. Með borkjarnarannsókn kom í ljós að þar væru tvö svört gólfög og því staðfest að þarna væri skáli. Í skýrslunni *Fornleifarannsóknir innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi*<sup>76</sup> er hægt að sjá niðurstöður rannsóknarinnar.



Mynd 76. Innan rauða hringsins er skálinn [1788-331] sem var mjög ógreinilegur á yfirborði.

**Númer:** 1788-332

**Hlutverk:** Jarðhýsi

**Tegund:** Tóft/ niðurgroftur

**Staðsetning:** A: 344166 N: 565259

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hættu ef bráðabirgðabrá verður notuð. Mikil hættu ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

<sup>76</sup> Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022

Jarðhýsið er staðsett í 5,5 m vestan við skálann [1788-331] og er túngarður [1788-336] rétt austan við og gæti verið fast upp við jarðhýsið.

### **Minjalýsing:**

Jarðhýsið kom í ljós þegar dróna var flogið yfir svæðið. Jarðhýsið var heldur ógreinilegt en borkjarni var tekinn í miðju þess og kom í ljós kolasmítað lag sem lítist gólflagi. Jarðhýsið virðist vera um 11,5 m á lengd og 10 m á breidd. Ekki er hægt að greina inngang á jarðhýsinu.

Borkjarni 10 var tekinn í miðju líklegs jarðhýsis framan við skálann. Með borkjarnarannsókn kom í ljós að þar væri greinileg mannvist þar sem svart gólflag var skráanlegt í kjarnanum og því staðfest að þarna væri jarðhýsi. Í skýrslunni *Fornleifarannsóknir innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi*<sup>77</sup> er hægt að sjá niðurstöður rannsóknarinnar.



Mynd 77. Innan rauða hringsins er jarðhýsið [1788-332] sem var mjög ógreinilegt á yfirborði.

<sup>77</sup> Kristín Sylvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022.



**Númer: 1788-333****Hlutverk:** Beitarhús/ stekkur**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A: 344111 N: 565352**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Hættumat:** Engin hætta ef bráðabirgðabrá verður notuð. Mikil hætta ef slóði niður á Grónes verður farinn.**Hættuorsök:** Vegagerð**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá segir: „Upp af Hestahólnum fer hlíðin hækkandi. Upp og fram af þeim er Húsagaflsbrekka. Upp af henni er hátt holt, sem heitir Húsagafl og dregur nafn af lögun. Þar var eitt sinn býli, svo beitarhús og nú stekkjarrústir.“<sup>78</sup>

Húsin eru staðsett rétt vestan við veginn inn að Grónesi. Í um 140 m norðvestan við tóftirnar við Húsagafl. Ekki er vitað um hvort hér sé að ræða stekkjarrústir eða beitarhúsin.

**Minjalýsing:**

Á þessu svæði eru þrjár tóftir [1788-333, 1788-334 og 1788-335]. Tóftirnar virðast ekki vera sambyggðar og er op inn í þær til vesturs. Tóft þessi er syðst tóftanna og var 12 m á lengd og 7,3 m á breidd.



Mynd 78. Beitarhús eða stekkur [1788-333] merkt inn á kort.

**Númer: 1788-334****Hlutverk:** Beitarhús/ stekkur**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A: 344117 N: 565362**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Hættumat:** Engin hætta ef bráðabirgðabrá verður notuð. Mikil hætta ef slóði niður á Grónes verður farinn.

Mynd 79. Beitarhús eða stekkur [1788-334] merkt inn á kort.

<sup>78</sup> Örnefnaskrá Brekku



**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

Í ornefnaskrá segir: „Upp af Hestahólnum fer hlíðin hækkandi. Upp og fram af þeim er Húsgaflsbrekka. Upp af henni er hátt holt, sem heitir Húsgafl og dregur nafn af lögun. Þar var eitt sinn býli, svo beitarhús og nú stekkjarrústir.“<sup>79</sup>

Húsin eru staðsett rétt vestan við veginn inn að Grónesi. Í um 140 m norðvestan við tóftirnar við Húsgafl. Ekki er vitað um hvort hér sé að ræða stekkjarrústir eða beitarhúsin.

**Minjalýsing:**

Á þessu svæði eru þrjár tóftir [1788-333, 1788-334 og 1788-335]. Tóftirnar virðast ekki vera sambyggðar og er op inn í þær til vesturs. Tóft þessi er á milli tófta [1788-333] og [1788-335] og var 11 m á lengd og 8 m á breidd.

**Númer:** 1788-335

**Hlutverk:** Beitarhús/ stekkur

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 344119 N: 565374

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hætta ef bráðabirgðabrú

verður notuð. Mikil hætta ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei

**Staðhættir:**

Í ornefnaskrá segir: „Upp af Hestahólnum fer hlíðin hækkandi. Upp og fram af þeim er Húsgaflsbrekka. Upp af henni er hátt holt, sem heitir Húsgafl og dregur nafn af lögun. Þar var eitt sinn býli, svo beitarhús og nú stekkjarrústir.“<sup>80</sup>

Húsin eru staðsett rétt vestan við veginn inn að Grónesi. Í um 140 m norðvestan við tóftirnar við Húsgafl. Ekki er vitað um hvort hér sé að ræða stekkjarrústir eða beitarhúsin.

**Minjalýsing:**



Mynd 80. Beitarhús eða stekkur [1788-333] merkt inn á kort.

<sup>79</sup> Ornefnaskrá Brekku

<sup>80</sup> Ornefnaskrá Brekku

Á þessu svæði eru þrjár tóftir [1788-333, 1788-334 og 1788-335]. Tóftirnar virðast ekki vera sambyggðar og er op inn í þær til vesturs. Tóft þessi er nyrst tóftanna og var 10 m á lengd og 7,5 m á breidd.



Mynd 81. Stekkur/ beitarhús frá vinstri til hægri [1788-333], [1788-334] og [1788-335].

**Númer: 1788-336**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðsetning:** A: 344123 N: 565235


**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Hættumat:** Engin hættu ef bráðabirgðabrá verður notuð. Mikil hættu ef slóði niður á Grónes verður farinn.

**Hættuorsök:** Vegagerð

**Friðlýst:** Nei






**Staðhættir:**

*Mynd 82. Túngarður [1788-336] merktur inn á kort.*

Líklegur túngarður sem var mældur inn eftir loftmynd. Túngarðurinn virðist vera fast upp við jarðhýsið [1788-332] sem er staðsett vestan við skálann [1788-331].

**Minjalýsing:**

